

HRÚTASKRÁ

2022 - 2023



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ
SUÐURLANDS



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ
VESTURLANDS



Kraftblanda

Inniheldur Effekt Midi Island steinefnablöndu

Kraftblanda-30

- 30% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen

Kraftblanda-15

- 15% fiskimjöl
- Óerfðabreytt hráefni
- Lífrænt selen



EFNISYFIRLIT

Skýringar	4
Frá sauðfjársæðingastöðvunum	6
Suðurland	
Hyrndir hrútar	8
Kollóttir hrútar	19
Hrútar 2022-2023, lambhrútaskoðun og kynbótamat.....	26
Vesturland	
Hyrndir hrútar	28
Kollóttir hrútar	38
Fallnir hrútar 2021-2022.....	44
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna 2022.....	45
Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2022.....	46
Árangur sæðinga vorið 2022 eftir sæðishrútum	47
Sauðfjársæðingar og beiðsli.....	48
Áherslur í upphafi leiðangurs – innleiðing verndandi arfgerða.....	50
Erfðagallinn bógkreppa.....	52
Uppgjör átaksverkefnisins og árangur leitar að verndandi arfgerðum.....	54

ATRÍÐISORÐASKRÁ

SUÐURLAND HYRNDIR HRÚTAR

Breki 16-824	8
Sammi 16-841	8
Börkur 17-842	9
Dalur 17-870	10
Rammi 18-834	10
Fróði 18-880 (nýr)	11
Angi 18-882 (nýr)	11
Kraftur 19-883 (nýr)	12
Askur 19-884 (nýr)	12
Galli 20-875	14
Kurdo 20-878	14
Austri 20-892 (nýr)	16
Sævar 21-897 (nýr)	16
Strokkur 21-898 (nýr)	18
Hornsteinn 22-901 (nýr)	18

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Bikar 17-852	19
Dolli 19-864	19
Hamur 19-865	21
Móri 19-888 (nýr)	21
Kústur 19-989 (nýr)	22
Fannar 20-894 (nýr)	22
Gullmoli 22-902 (nýr)	23

FERHYRNDUR-

Satúrnus 17-843	24
-----------------	----

FELDFJÁR- OG FORYSTUHRÚTAR

Brúsi 18-881 (nýr)	25
Fjalli 17-861	25

VESTURLAND HYRNDIR HRÚTAR

Hvíslí 16-868	28
Suddi 17-872	28
Svartur 17-873	30
Glitnir 19-848	30
Kostur 19-849	31
Hnokki 19-874	31
Alli 19-885 (nýr)	32
Baldur 19-886 (nýr)	32
Gimli 20-876	34
Grettir 20-877	34
Hnaus 20-890 (nýr)	35
Jaður 20-891 (nýr)	35
Þór 21-896 (nýr)	36
Trausti 22-900 (nýr)	36

KOLLÓTTIR HRÚTAR

Þokki 17-853	38
Svörður 18-854	38
Tónn 18-855	40
Jötunn 18-863	41
Glæsir 19-887 (nýr)	42
Kalli 20-893 (nýr)	42
Gimsteinn 21-001 (nýr)	43

FORYSTUHRÚTAR

Frakki 20-895 (nýr)	44
---------------------	----

Hrútaskrá 2022-2023

Útg. Sauðfjársæðingastöðvarnar á Suður- og Vesturlandi
Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson
Mynd á forsíðu: Tvílemba í sumarhögum, Hvítserkur í baksýn.
© Halla Eygló Sveinsdóttir.
Myndir af hrútum Halla Eygló Sveinsdóttir, Eyþór Einarsson
og Torfi Bergsson.
Umsagnir og lýsingar hrúta eru unnar af sauðfjárræktar-
ráðunautum RML.
Umbrot: Rósa Björk.
Prentun: Fjölrítunar- og útgáfuþjónustan,
nóvember 2022



SKÝRINGAR

MÁL OG STIGUN

Mál og stigun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir, í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fótleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stig alls.

ULLARLÝSINGAR

Emma Eyþórsdóttir og Árni Brynjar Bragason hafa skoðað og gefið umsögn um ull sæðishrútanna og fylgir hún með lýsingu þeirra.

GERÐ

Upplýsingum um holdfyllingarflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Holdfyllingarflokkarnir fá þessi tölugildi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 9,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í U og 50% í R. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa.

FITA

Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika.

KYNBÓTAMAT (BLUP) FYRIR SKROKKGÆÐI (GERÐ OG FITU)

Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 2013-2022. Meðaltal allra gripa í gagnasafninu er 100, hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Þegar rætt er um kynbótamat fyrir skrokkgæði er átt við kjötmatseinkunn þar sem fitumatið vegur 50% en gerðarmatið 50%. Í sviga er birt öryggi matsins.

Kjötmatsgögn fyrir 2022 miðast við stöðu gagnagrunns 27. október 2022.

KYNBÓTAMAT (BLUP) FYRIR FRJÓSEMI OG MJÓLKURLAGNI

Kynbótamat fyrir afurðaeiginleikana (frjósemi og mjólkurlagni) er byggt á upplýsingum 10 yngstu árganga ána. Fyrir mjólkurlagni eru það ær fæddar 2011-2020, fyrir frjósemi ær fæddar 2012-2021. Fyrir hvorn eiginleika er reiknað mat fyrir fjögur fyrstu afurðarár ána. Hvert ár hefur jafnt vægi (25%) í samsettri einkunn fyrir mjólkurlagni. Í samsettri einkunn fyrir frjósemi er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár. Meðaltal er 100 og hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Fyrir yngstu hrútana eru upplýsingar um dætur enn litlar þannig að upplýsingar um nánustu ættingja vega mjög þungt í kynbótamati þeirra. Í sviga er birt öryggi matsins.

KYNBÓTAMAT (BLUP) - HEILDAREINKUNN

Frá árinu 2012 er reiknuð heildareinkunn þar sem kynbótamat allra eiginleika er vegið saman í eina einkunn. Vægi skrokkgæða, frjósemi og mjólkurlagni er jafnt í þeirri einkunn. Einstaklingur með 120 í einkunn fyrir skrokkgæði, 110 fyrir frjósemi og 100 fyrir mjólkurlagni hefur þannig heildareinkunn 110. $((120+110+100)/3 = 110)$.

LITAERFDIR

Litaerfdir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mógulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísunum fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er að hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

SKRÁNING SÆÐINGA

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst.

Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í **FJARVIS.IS** geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið.

Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar.

Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekari upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í **FJARVIS.IS**.

ÍSLENSKT FÓÐUR

FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ



Milljónablanda

Milljónablanda er með 37% próteininnihaldi, vegna þess að hún inniheldur ríkulegt magn af fiskimjöli. Óerfðabreytt blanda, sem hentar vel með próteinsnaudu heyi.

Gott að gefa hrútum og ám á fengitíma. Inniheldur selen og mikið af bætiefnum.



Sauðfjárblanda

Sauðfjárblanda er óerfðabreytt með 16% próteininnihaldi, sem byggir eingöngu á jurtaafurðum. Hentar afar vel með meðalgóðum heyjum. Inniheldur góða samsetningu af steinefnum og vítamínum.

Til að ná mikilli frjósemi er nauðsynlegt að sauðfé sé í góðu næringarástandi á fengitíma.



Lambakögglar

Sérstakt kjarnfóður fyrir lömb með mjólkurgjöf. Blandan stuðlar að auknum heilbrigðum vexti og þroska vambarinnar. Blandan er fullbætt steinefnum og vítamínum, sem eru sérlöguð að þörfum sauðfjár.

Lystugir 3 mm kögglar.



* **FRÍ HEIMSENDING** á pöntunum yfir 30.000 kr. í vefverslun www.fodur.is

* Gildir í pósnúmer 101-371 og 800-881

SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐVARNAR



SUÐURLAND

Afgreiðsla: 1. - 20. desember

Í síma **482 1920** fyrir kl. 9:00 samdægurs eða á netfangið **sveinn@bssl.is**.

Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði hjá Sveini Sigurmundssyni í sínum **480 1800 / 480 1801** eða **894 7146**.

SKIPULAG Á SUÐURLANDI:

V-Skaftafellssýsla, Eyjafjöll og Landeyjar **9.- 12. des.**

Rangárþing-ytra, Ásahr., Fljótshlíð og lágsvæitir Árnassýslu. **13. - 16. des.**

Uppsveitir Árnassýslu > **17.- 20. des.**

Austur-Skaftafellssýsla. Stefnt er að ferðum **frá og með 1. des. og til og með 9. des.**

PANTANIR UTAN SVÆÐA

Pantanir utan starfssvæða Búnaðarsambands Suðurlands og Búnaðarsamtaka Vesturlands fara í gegnum búnaðarsambönd á viðkomandi svæðum nema um annað sé samið sérstaklega.

VERÐ Á SÆÐI:

1-19 sæddar ær.....	1.375 kr./sk.
20-49 sæddar ær.....	1.155 kr./sk.
50-99 sæddar ær.....	1.000 kr./sk.
100 ær eða fleiri sæddar.....	935 kr./sk.
Til búnaðarsambanda.....	900 kr./sk.

Öll verð eru án vsk.

Lágmarksafgreiðsla er 1 strá eða sæði í 5 ær. Flutningskostnaður verður innheimtur sé um aukasendingar utan skipulagðra daga að ræða. Innheimt verður að lágmarki 70 % af pöntuðu sæði.

Uppgjöri skal lokið fyrir áramót.

Pakkning með 50 hlífðarrörum kostar kr 1000,-

VESTURLAND

Afgreiðsla: 1. - 20. desember

Pantanir þurfa að berast fyrir kl. 23:00 daginn fyrir sæðingu. Panta skal í gegnum pöntunarform sem aðgengilegt er á **www.buvest.is**

Einnig er hægt að panta í síma **437 1215** en pantanir í síma verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir sæðingu.

Allar breytingar á pöntunum þurfa að berast fyrir kl. 9:00 að morgni sæðingadags á netfangið **bv@bondi.is**, eða í síma **892 0517**.

SKIPULAG Á VESTURLANDI:

Starfsmenn BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur.

Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið í sauðfjársæðingum.

SKRÁNINGAR Á SÆÐINGUM:

Allar sæðingar skulu skráðar í **fjarvis.is** af viðkomandi bónda eða sæðingamanni. Mikilvægt er að viðkomandi bóndi/sæðingamaður sem skráir sæðingarnar (helst samdægurs) sendi tölvupóst til viðkomandi búnaðarsambands um að öllum skráningum sé lokið og/eða ef eitthvað er óskráð t.d. lambgimbrar sem ekki hafa fengið fullorðinsnúmer.

SAUÐFJÁRSÆÐINGANÁMSKEIÐ:

Miðvikudaginn 30. nóv kl. 13:00 – 18:00 hjá Lbhi á Hvanneyri / Hesti Fimmtudaginn 1. des. kl. 13:00 – 18:00 á Stóra Ármóti

Nánari upplýsingar um námskeiðin og skráning á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands, **www.lbhi.is**.
eða endurmenntun.lbhi.is.

VÖRUR FYRIR ÍSLENSKT SAUÐFÉ BÚVÖRUR SS



Vitlick Soft Sheep



Stein- og snefilefnarík bætiefnafata með hvítlauk sem er hentug með vetrarfóðrun. Hátt seleninnihald.

15 kg fata

Salto Får saltsteinn



Saltsteinn sem inniheldur náttúrulegt bergsalt og má notast við lífræna ræktun. Inniheldur stein- og snefilefni, þar á meðal selen.

10 kg steinn

Vörur fyrir sauðfjábændur

Eigum til ýmsar vörur fyrir sauðfjábændur, t.d. merkisprey og krítar í ýmsum litum, vörur fyrir sauðburð og fleira.



Ærblanda SS

Óerfðabreytt kjarnfóður

Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hrápróteini. Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika og tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt. Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum. Gott jafnvægi stein- og snefilefna.

15 kg pokar / 750 kg sekkir



Stalosan F

Náttúrulegt sóttþreinsiduft



Frábær forvörn gegn slefsýki

Stalosan F vinnur gegn bakteríum, vírusum, sveppum og snýkjúðýrum. Slefsýki í lömbum orsakast af E. coli sem berst með óhreinindum, oft á undan broddmjólkinni. Stalosan F hefur reynst vel sem forvörn gegn slefsýki. Með góðum forvörnum sparast vinna og kostnaður við lyf.



Skannaðu kóðan til að fara beint inn á
buvorur.is



Búvörur SS | S: 575-6070 | www.buvorur.is | buvorur@ss.is

Verslun Fosshálsi 1, 110 Reykjavík | S: 575 6071 | Opið virka daga kl.: 10:30-18:00

Verslun Ormsvelli 4, 860 Hvolsvelli | S: 575 6099 | Opið virka daga kl.: 09:00-17:00

16-824 BREKI

frá Skálholtsvík, Hrótafirði.



Lýsing: Grár, vel hyrndur með svipmikinn haus. Herðar örlítið háar en vel holdfylltar. Bolurinn er sívalur og bakið sterkt. Mala- og lærahold eru góð og eru hans helsti styrkleiki. Fótleggur 120 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Steingrár en grái liturinn misdökkur á búkinn. Ullarmagn er í góðu meðallagi. Togið nokkuð mikið og gróft. Þelið nokkuð jafnt.

Reynsla: Breki 16-824 er að hefja sinn fjórða vetur á sæðingastöð. Hann fékk heldur litla notkun síðastliðinn vetur og hafa aðeins verið skráðir dómar á 27 syni hans. Þeir eru, eins og fyrri ár meðal þroskamestu sona hyrndu hrútanna. Þetta eru yfirleitt bæði breið- og langvaxin lömb með góða holdfyllingu, ekki síst í mölum og lærum. Þau afkvæmi Breka sem slátrað var nú í haust voru fremur fitulít miðað við fallþunga og flokkuðust 61% þeirra í gerðarflokka E og U, þar af 10% í E.

Kynbótamat Breka fyrir dætraeiginleika byggir nú á reynslu af ungum dætrum hans um allt land. Þær virðast vera í meðallagi frjósamir en mjólkurlagni þeirra er mjög góð. Samkvæmt afurðauppgjöri haustið 2021 voru 200 dætur hans með 5,29 afurðastig að jafnaði.


Breki er einn af mest reyndu ærfeðrunum sem stöðvarnar bjóða upp á þetta haustið en trúlega er þessi farsæli kynbótahrútur að hefja sinn síðasta vetur á sæðingastöð.

Litaerfðir: Breki er arfblendinn grár, gefur mórault, tvílit og hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2016-57-108-32/4, 1/3, 5-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=85,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2020	2021	2022
Fjöldi	112	88	27
Þungi	50,7	50,9	49,1
Fótleggur	108,9	108,4	108,4
Læri	17,8	17,8	18,0
Ull	7,9	8,0	7,9
Ómvöðvi	31,4	31,6	31,3
Ómfita	2,7	2,8	3,0
Lögun	4,2	4,2	4,1



16-841 SAMMI

frá Þóroddsstöðum, Hrótafirði.



Lýsing: Svartur, með þróttlegan haus en krapphyrndur. Bolur fremur sívalur og bakið breitt. Malir breiðar og langar. Lærahold góð. Sterklegur hrútur. Fótleggur 118 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Mjög lítið af gráum hárum í reyfi. Togið fremur gróft en falllegur gljáir á því. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Sammi 16-841 er að hefja sinn þriðja vetur á stöðvunum. Hann fékk fremur litla notkun á síðasta vetri en skráðir hafa verið dómar á 52 syni hans. Þeir voru í vænni kantinum miðað við syni annarra hyrndra stöðvahrúta en fara hvergi upp fyrir meðaltöl í mælingum og stigun. Af afkvæmum Samma sem voru send til slátrunar fóru 61% í holdfyllingarflokkana E og U, þar af 9% í E. Kynbótamat Samma fyrir skrokkgæði helst nokkuð stöðugt milli ára.


Sammi virðist ætla að reynast ljómandi góður ærfaðir. Kynbótamat hans fyrir frjósemi dætra er nú orðið býsna öruggt. Veturgamlar dætur hans vítt um land hafa greinilega sýnt góða frjósemi nú í vor. Mat á mjólkurlagni byggir enn á dætrum hans á heimabúi en heldur sér nokkuð vel milli ára. Mun traustara mat fæst á þann eiginleika að loknu haustuppgjöri. Sammi er einn þeirra stöðvahrúta sem skila heldur góðu til afkvæmanna í öllum eiginleikum og þannig gripir eru alltaf eftirsóknarverðir.

Litaerfðir: Sammi er svartur, hefur erfðavisi fyrir tvílit en ekki fyrir móræðum lit – gefur hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2016-53-106-32/4, 0/4, 5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2021	2022
Fjöldi	138	52
Þungi	49,2	48,2
Fótleggur	108,0	108,6
Læri	17,8	17,7
Ull	7,8	7,9
Ómvöðvi	31,3	30,5
Ómfita	2,8	3,0
Lögun	4,3	4,1



17-842 BÖRKUR

frá Kjalvararstöðum, Reykholtisdal.



Lýsing: Hvítur, hyrndur með þróttlegan og friðan haus. Hálsinn sver og einstaklega vel bundinn við ákaflega holdfylltar og breiðar herðar. Bakíð breitt, sterkt og holdgróið. Malir kúptar og gríðarlega vel holdfylltar. Lærahöld frábær. Einstaklega jafnvaxinn og gerðarlegur hrútur. Rólegur í umgengni. Fótleggur 112 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, dindli og á fótum. Gul hár áberandi aftan til í reyfinu. Togið í meðallagi að lengd og finleika. Þelið þykkt og ullarmagnið í góðu meðallagi.

Reynsla: Borkur 17-842 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöðvunum. Hann fékk allnokkra notkun síðasta vetur og skráðir dómar komnir á 76 syni hans. Þeir gefa sömu mynd af Berki sem lambaföður og áður hefur komið fram. Þetta eru oftast fremur lágfættir og þéttvaxnir hrútar. Þeir eru með þykkari og vellagaðan bakvöðva og mjög góða holdfyllingu í mölum og lærum. Þessi lömb eru býsna samstæð að allri gerð og á það einnig við um ullina sem oft er dálítið gul. Fallþungi sláturlamba undan Berki er fremur í lægri kantinum miðað við afkvæmi margra hyrnu stöðvahrúttanna. Lömbin undan Berki flokkuðust prýðilega og fóru 73% þeirra í holdfyllingarflokkana E og U, þar af 22% í E.

Nú hafa veturgamlar dætur Barkar vitt um land borið sínum fyrstu lömbum og hækkar hann dálítið í mati á frjósemi dætra þó það liggir enn rétt undir 100. Mat á mjólkurlagni dætra byggir enn á dætrum hans heima í héraði og hafa þær því miður ekki bætt stöðuna í þeim efnun eftir haustuppgjör ársins 2021. Traustara mat á þessum eiginleika fæst að loknu haustuppgjöri fyrir 2022. Hvað sem því líður er hins vegar alveg ljóst að Borkur skilar nær undantekningalaust góðri gerð til afkvæma sinna.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Litaerföir: Borkur er arfhreinn hvítur.

Borkur heimtist í nóvember 2017 - því ekki til lambsdómur.

Lambhrútaskoðun	2021	2022
Fjöldi	176	76
Þungi	46,3	47,2
Fótleggur	106,9	107,8
Læri	17,9	18,0
Ull	7,7	7,7
Ómvöðvi	32,1	32,3
Ómfita	3,4	3,4
Lögun	4,3	4,4

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						129
Fita						104
Skrokkgæði						116
Frjósemi (98%)						99
Mjólkurlagni (94%)						94
Heildareinkunn						103

Sprettur ÁBURÐUR

þegar mest á reynir
fyrir tún og akra



Skeljungur

17-870 DALUR

frá Ásgarði, Hvammssveit.
(Keyptur frá Bæ 2, Hrutafirði)



Lýsing: Hvítur, fremur krapphyrndur með breiðar ágætlega holdfylltar herðar og góðar útlögur. Góð holdfylling í baki, mólum og lærum. Breiðvaxinn hrútur. Fótleggur 120 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Sterkgulur í hnakka og á fótum. Gular illhætur útbreiddar í reyfi. Svartur blettur í baki. Togið fremur gróft, sérstaklega aftan til. Þelið þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Dalur 17-870 var talsvert mikið notaður á sínu fyrsta ári á sæðingastöð og skráðir dómar komnir á 126 syni hans. Hópurinn var dálítið breytilegur og í heildina undir meðaltali fyrir flesta þætti í samanburði við sonahópa hinna hyrndu stöðvahrúttanna. Þrátt fyrir það komu fram prýðileg hrútsefni inn á milli. Tæpu 65% sláturlamba undan Dal fóru í gerðarflokkana E og U og þar af 12% í E.

Kynbótamat Dals fyrir dætraeiginleika lækkar nokkuð milli ára en er eigi að síður ljómandi gott. Dalur virðist vera nokkuð öflugur alhliða kynbótahrútur nema þá helst gagnvart ullargæðum. Hann er einn þeirra hyrndu stöðvahrúttanna sem getur erfð afkvæmi sín að lítt næmri arfgerð gagnvart riðuveiki.

Litaerfðir: Dalur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð arfblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-54-111-32/3, 1/4, 5-8, 0-8, 5-8, 5-9, 0-9, 0-18, 0-7, 5-8, 0-8, 5=85, 0 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							116
Fita							93
Skrokkgæði							104
Frjósemi (78%)							99
Mjólklagni (73%)							107
Heildareinkunn							103

Lambhrútaskoðun	2022
Fjöldi	126
Þungi	46,8
Fótleggur	108,8
Læri	17,7
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,1
Ómfita	2,8
Lögun	4,3

18-834 RAMMI

frá Hesti, Borgarfirði.



Lýsing: Hvítur, fremur krapphyrndur með stuttan þröttlegan haus og holdfylltar og breiðar herðar. Bolurinn ákaflega sívalur. Bakið holdgróið. Malir, langar, breiðar og kúptar. Lærvöðvi ákaflega vel lagaður og fyllir vel í krikann. Rammi er samanrekin holdahnaus. Fótleggur 112 mm í október 2019.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum. Töluvert gult í reyfi aftan til. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið jafnt og fremur gróft, þelið þykkt og mikið.

Reynsla: Rammi 18-834 er að hefja sinn fjórða vetur á stöðvunum. Hann fékk dágóða notkun á síðasta vetri og eru skráðir dómar á 107 sonum hans. Synir hans mælast með þykkastan bakvöðva af öllum sonum stöðvahrúttanna í ár og skarar Rammi enn fram úr í þessum efnum. Synir hans eru í léttari kantinum í samanburði við aðra hópa og stigun þeirra liggur um eða rétt undir meðaltali fyrir alla eiginleika nema einkunn fyrir bak þar sem þeir skara fram úr. Um 65% sláturlamba undan Ramma flokkuðust í holdfyllingarflokkana E og U, þar af 15% í E.

Nú er komin umtalsverð reynsla á Ramma sem ærföður. Frjósemi dætra hans er í góðu meðallagi og þær hafa skilað vænum lömbum. Samkvæmt afurðauppgjöri haustið 2021 voru 211 dætur hans með 5,31 afurðastig.

Rammi er alhliða sterkur kynbótahrútur og mjög öflugur í að bæta þykkt og lögun bakvöðvans. Margir sona hans hafa reynst frábærir lambafeður. Ástæða er til að hvetja bændur til að láta ekki kynbótaframlag Ramma fara hjá garði.

Litaerfðir: Rammi er arfblendinn fyrir dökkum lit, gefur mórautt en ekki tvílít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-52-104-35/2, 9/4, 5-8, 0-9, 0-9, 0-9, 5-9, 0-18, 0-7, 5-8, 0-8, 5=86, 5 stig.


Lambhrútaskoðun	2020	2021	2022
Fjöldi	196	137	107
Þungi	47,2	47,9	45,5
Fótleggur	107,7	107,9	108,7
Læri	17,7	17,9	17,8
Ull	7,9	7,8	7,9
Ómvöðvi	33,1	33,4	33,1
Ómfita	3,2	3,2	2,9
Lögun	4,4	4,5	4,4

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							117
Fita							103
Skrokkgæði							110
Frjósemi (99%)							103
Mjólklagni (99%)							108
Heildareinkunn							107

NÝR

18-880 FRÓÐI

frá Bjargi, Miðfirði.



FMF: Grábotni 06-833; FMMF: Hylur 01-883; MFFF: Kjarkur 08-840; MFFF: Raftur 05-966



18-880

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Útlögumikill og breiðvaxinn með öflugan afturpart. Virkjamikill og langvaxinn gripur. Höfðinglegur og rólegur í umgengni. Fótleggur 120 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur gróft en þelið þykkt, einkum framan til. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Fróði 18-880 er einn þeirra þriggja hrúta sem valinn var fyrir sæðingastöðvarnar að aflokinni afkvæmarannsókn úrvalshrúta sem haldin var á Bergsstöðum í Miðfirði. Heima á Bjargi hefur þessi hrútur sýnt allmikla yfirburði sem lambafaðir auk þess að vera mjög lofandi ærfaðir. Í samanburði við „hákarlana“ sem saman voru komnir á Bergsstöðum stóð Fróði sig með miklum sóma. Meðalfallþungi afkvæma hans var 20 kg, einkunn fyrir gerð 11,9 og einkunn fyrir fitu 6,9. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 19,8 kg, einkunn fyrir gerð 12,0 og einkunn fyrir fitu 7,0. Uppgjör afkvæmarannsóknarinnar byggir á tvílembingshrútum og raðaðist Fróði þá í fjórða sæti af þeim 9 hrútum sem í samanburði voru. Fróði átti síðan einn glæsilegasta gimbrahópinn en dætur hans voru m.a. með þykkasta bakvöðvann. Einnig gaf hann góð hrútsefni.

Fróði er afar lofandi ærfaðir. Samkvæmt afurðauppgjöri haustið 2021 voru 16 dætur hans með 5,41 afurðastig að jafnaði og sýndu frjósemi vel umfram búsméðaltal. Lísa 16-038, móðir Fróða varð því miður ekki langlíf. Hún var tvílembd veturgömul og hvert vor eftir það með 6,2 afurðastig.

Litaerfðir: Fróði er arfblendinn hvítur, erfir tvílit og hreinhvít en ekki mórault.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-47-106-33/2,9/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						115
Fita						105
Skrokkgæði						110
Frjósemi (84%)						104
Mjólklurni (83%)						115
Heildareinkunn						110

NÝR

18-882 ANGI

frá Borgarfelli, Skaftártungu.



MMF: Sokki 07-835; MMMF: Smyrill 04-800



18-882

Lýsing: Hvítur, fínhyrndur með gott hornalag og friðan haus. Breiður og þéttvaxinn með afar góð mala- og lærahold. Kattlágfættur en með góða bollengd. Fótleggur 112 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Vel hvítur og gul hár fundust ekki í reyfi. Togið stutt og hrokkið ofan til en lengra og grófara í síðum. Þelið þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Angi 18-882 var valinn á sæðingastöð að aflokinni afkvæmarannsókn úrvalshrúta sem haldin var á Borgarfelli. Við val hans var horft til þess að hér er mjög spennandi ærfaðir á ferðinni sem jafnframt stendur sig með sóma sem lambafaðir. Í afkvæmarannsókninni var meðalfallþungi afkvæma Anga 19,1 kg, einkunn fyrir gerð 10,3 og einkunn fyrir fitu 6,6. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 18,7 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og einkunn fyrir fitu 6,3. Haustið 2021 var meðalafurðastig rúmlega 20 dætra Anga 5,21. Þá var frjósemi þeirra mjög góð og vorið 2022 sýndu ærnar áfram frábæra frjósemi. Má þar nefna að 14 tvævetlur skiluðu 2,21 lambi meðan búsméðaltalið í þeim aldursflokki var 1,9 lömb.

Morgola 14-804, móðir Anga, lifði til 7 vetra aldurs. Hún átti 11 lömb á 6 árum, var þó einu sinni geld. Hún hlaut 8,3 afurðastig og skilur eftir sig allstóran ættboga.

Litaerfðir: Angi er arfblendinn fyrir botnóttum lit, erfir mórault, tvílit og hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-48-107-37/2,9/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-19,0-8,0-8,0-8,0=87,0 stig.


EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						108
Fita						101
Skrokkgæði						104
Frjósemi (84%)						120
Mjólklurni (81%)						119
Heildareinkunn						114

NÝR

19-883

KRAFTUR

frá Skarði, Landsveit.



MMF: Gosi 09-850



Lýsing: Hvítur, hyrndur. Hornin fremur kröpp og gróf en hausinn breiður og svipmikill. Bolur langur og holdfylling góð í lærum. Afar langvaxinn og gerðarlegur hrútur. Fótleggur 121 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hvítur en ljósgulur í hnakka. Gul hár fundust ekki í reyfi. Svartur blettur á baki. Togið heldur gróft og þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Kraftur 19-883 var valinn til notkunar á sæðingastöð sumarið 2022. Valið byggist á frammistöðu hans sem afbragðsgóðs allhiða kynbótahrúts heima á Skarði. Kraftur hefur alltaf verið meðal bestu lambafeðra búsinns. Hann hefur verið vel yfir búsméðaltali í fallþunga og gerð og á meðaltali í fituflokkun. Haustið 2021 var Kraftur með 118 í fallþungaeinkunn og var hæstur af heimahrútum fyrir sláturlömb með 130 í kjötmatseinkunn. Fallþunginn á lömbunum undan honum þá var 18,4 kg, einkunnin 11,1 fyrir gerð og 7,0 fyrir fituflokkun. Meðaltal búsinns var 17,9 kg fallþungi, 10,3 fyrir gerð og 7,2 í fituflokkun.

Dætur hans fara vel af stað, gefa góðan fallþunga, eru frjósamir og skila góðum afurðum. Samkvæmt afurðauppgjöri haustið 2021 var Kraftur með 120 í frjósemiseinkunn og 109 í afurðastigseinkunn fyrir dætur. Dætur hans voru að meðaltali með 5,58 afurðastig. Í vor skiluðu 12 tvævetlur undan honum 2,0 lömbum að meðaltali og 29 veturgamlar dætur hans áttu 1,07 lömb að meðaltali.

Móðir Krafts, 16-082, lét sem gemlingur en hefur ætíð verið tvílembd síðan. Hún er með 5,8 afurðastig og 106 í heildareinkunn í BLUP-kynbótamati.

Kraftur hefur alla burði til að reynast öflugur allhiða kynbótahrútur líkt og BLUP-kynbótamatið gefur til kynna.

Litaerföir: Kraftur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki móraraudan lit né tvílit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: Lambsdómur ekki til.


EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						122
Fita						104
Skrokkgæði						113
Frjósemi (85%)						101
Mjólkurlagni (76%)						110
Heildareinkunn						108

NÝR

19-884

ASKUR

Kirkjubæjarklaustri II, Skaftárhr.



FFF: Rafall 09-881, FMF: Dreki 13-953, MFF: Guðni 09-902, FFMF: Lundi 03-945, MMFF: Kveikur 05-965



Lýsing: Grár, fállega hyrndur með svipmikinn haus. Útlögur góðar og lærahold afar góð. Gerðarlegur hrútur sem samsvarar sér vel. Róleigur og gæfur í umgengni. Fótleggur 117 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Silfurgrár með jafnan lit um mest allt reyfið. Ullin er togmikil og togið gróft og strítt. Þelið þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Askur 19-884 var valinn á sæðingastöð haustið 2022 að aflokinni afkvæmarannsókn fyrir úrvallshrúta á Borgarfelli. Askur átti að baki tvö ár á sínu heimabúi með mjög góðum árangri en á síðasta ári var hann sá hrútur búsinns sem skilaði bestri gerð sláturlamba. Í afkvæmarannsókninni stóð hann vel undir væntingum og stóð næstefstur samkvæmt heildareinkunn. Meðalfallþungi afkvæma hans var 18,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,9 og einkunn fyrir fitu 6,3. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 18,7 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og einkunn fyrir fitu 6,3. Askur gefur öflugan afturpart en hann var með hæst meðaltal hrútanna fyrir lærahold.

Reynsla af dætrum Asks er að mótast en hann átti 13 veturgamlar ær sem báru sl. vor. Frjósemi þeirra var 0,85 lömb sem var aðeins undir búsméðaltali. Þær skiluðu flestar góðum lömbum í haust og er meðalfurðastig þeirra 5,36.

Glumra 16-683, móðir Asks, hefur reynst vel. Hún var einlembd gemlingur en alltaf tvílembd eftir það og stendur í 5,8 afurðastigum.

Litaerföir: Askur er arfblendinn grár en erfir hvorki móraraudan lit né tvílit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-48-104-35/2,7/4,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=87,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						122
Fita						101
Skrokkgæði						111
Frjósemi (73%)						101
Mjólkurlagni (62%)						105
Heildareinkunn						106



ALLT FYRIR SAUÐFÉ!

Grindur - Fjárvogir - Fjárþætir o.fl.

ÁRAMÓTATILBOÐ!

20%
afsláttur



GRINDUR FYRIR SAUÐFÉ

Nettar og þægilegar grindur fyrir sauðfé

Lengdir:

1,22m - kr. 10.322 - **20% afsl. - kr. 8.258**


1,52m - kr. 11.154 - **20% afsl. - kr. 8.923**

1,83m - kr. 11.959 - **20% afsl. - kr. 9.567**

Hæð: 0,90m

Afsláttur gildir á meðan birgðir endast!

*Öll verð eru með vsk.



HLIÐGRINDUR



FJÁRVOGIR




FJÁRÞÆTIR

REKSTRARGANGAR - FLOKKUNARHLIÐ - VELTIBÁSAR

20-875

GALLI

frá Hesti, Borgarfirði.



FMF: Guffi 08-869; MFMF: Danni 12-923; MMFF: Skratti 12-913



20-875

Lýsing: Hvítur, fremur fínhyrndur með fríðan haus. Frampartur vel holdfylltur og sívalur. Holdfylling í baki og mölum góð. Lærvöðvinn þykkur og klæðir vel niður á hækil. Lágfættur, þéttholda og prúður hrútur. Fótleggur 111 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Svartdröfnóttur á haus, örliðið gulur við dindil og á fótum. Gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarstuttur í baki. Togið slétt og fremur gróft. Þelið fremur þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Galli 20-875 var einn af eftirsóttustu hrútum stöðvanna á sínu fyrsta ári þar. Skráðir hafa verið dómar á um 200 lambhrúta undan honum. Þeir eru dálítið undir meðaltali í líffunga en aðeins synir Ramma 18-834 geta státað af þykkri bakvöðva. Stigun fyrir alla skrokkhluta er yfir meðaltali hjá Gallasonum en stig fyrir ull og samræmi á meðaltali. Heilt yfir virtist Galli skila mjög heilsteyptum og jöfnum lömbum og mörg afbragðsgóð hrútsefni komu fram. Sláturlömb undan Galla reyndust í léttari kantinum. Flokkun þeirra var hins vegar mjög hagstæð þar sem 76% þeirra flokkuðust í E og U, þar af 20% í E. Fitumat lá nærri því sem heppilegt má telja miðað við núverandi verðlagningu á dillakjöti.

Skiljanlega er lítil reynsla komin á Galla sem ærföður. Hann átti 7 veturgamlar dætur á Hesti í vor; fjórar voru tvílembdar og þrjár einlembdar. Kynbótamat hans fyrir frjósemi dætra hækkaði nokkuð frá fyrra ári. Góðar líkur eru einnig á að þær mjólki vel. Því til stuðnings má nefna að ein af ungunum dætrum hans skilaði ásetningshrút á Hestbúinu. Galli muni því að öllum líkindum reynast sterkur alhiða hrútur fyrir ræktunarstarfið í landinu.

Litaerfðir: Galli er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2020-43-102-35/3,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.

Lambhrútaskoðun 2022


Fjöldi	202
Þungi	45,8
Fótleggur	106,4
Læri	18,0
Ull	7,8
Ómvöðvi	32,9
Ómfita	3,0
Lögun	4,4

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							127
Fita							95
Skrokkgæði							111
Frjósemi (70%)							108
Mjólklagni (63%)							104
Heildareinkunn							108

20-878

KURDO

frá Sveinungsvík, Pistilfirði.



FFF: Gróði 11-958; MFF: Grámann 10-884; FMMF: Þristur 08-872



20-878

Lýsing: Móbotnóttur, fínhyrndur með fallegan haus. Frampartur sívalur og vel holdfylltur. Góð holdfylling í baki, mölum og lærum. Fínlegur og snotur hrútur. Fótleggur 120 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Móbotnóttur og dálítið um ljós hár í reyfi. Togið stutt en fínt og þelið þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Kurdo 20-878 fékk talsverða notkun á sínu fyrsta ári á sæðingastöð. Búið er að skrá dóma á 124 syni hans. Mælingar og stigun þeirra liggur á eða rétt undir meðaltali afkvæma hyrndu stöðvahrútanna. Sum þessara lamba voru svolítið há á legginn en heilt yfir voru þau ágætur hópur og nokkuð af úrvalsgóðum ásetningshrútum kom fram. Sláturlömb undan Kurdo voru í góðu meðallagi í vænleika. Tæplega 65% þeirra flokkuðust í gerðarflokka E og U, þar af tæp 12% í E. Þau voru jafnframt einn feitasti sláturlambahópurinn undan hyrndu stöðvahrúttunum þetta haustið án þess að það væri til skaða.

Nítján veturgamlar dætur Kurdos heima í Sveinungsvík báru að meðaltali 1,05 lömbum nú í vor en meðalfrjósemi gimbra þar var 0,9 lömb. Kurdo er um margt hinn áhugaverðasti hrútur. Hann getur gefið mjög fjölbreytta liti og þá ber hann arfgerðina AHQ sem er lítið næm fyrir riðuveiki.

Litaerfðir: Kurdo er arfblendinn fyrir botnóttum lit í A-sæti en erfið að öðru leyti alla grunnliti, leyfi móðurætt það, hefur erfðavisi fyrir tvilit og þar með hreinhvítu.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2020-52-108-37/3,6/5,0-8,0-9,0-9,5-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-8,5=88,5 stig.

Lambhrútaskoðun 2022

Fjöldi	124
Þungi	47,7
Fótleggur	110,2
Læri	17,7
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,4
Ómfita	3,1
Lögun	4,3

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							113
Fita							96
Skrokkgæði							104
Frjósemi (76%)							105
Mjólklagni (60%)							98
Heildareinkunn							102

Þjónusta alla leið heim á hlað

N1

Vefverslun

Skoðaðu úrvalið
og skráðu þitt
fyrirtæki



Dunlop Field Pro stígvél

Létt og þægileg stígvél með nýju sniði. Sólinn er með frábæru gripi. Þola allt að -20°C kulda.



Dimex kuldagalli með belti

Vatnshelt efni á öxlum, hettu, rennilásum og neðst á skálmum. Einnig á framstykki og á bakhlið frá læri að mitti. Stórir brjóst- og hliðarvasar, símavasi og innri vasi með rennilás.



Öryggisvesti

Öryggisvesti HI-VIS með rennilás. Vottað samkvæmt sýnileikastaðli.



Mobilfluid 428 - 20 l

Mobilfluid 428 er drif- og vökvakerfisolía fyrir traktora og vinnuvélar. Hágæða fjölnota smurefni sem uppfyllir hæstu kröfur og hámarkar afköst.



H80 Olíu- og fituhreinsir í vatnslausn - 20 l

Hentar vel á verkstæðum og í vélarrúmum við þrif á gólum og öðrum yfirborðum. Efnið lyktar minna og er minna ertandi fyrir notendur en mörg önnur sterk hreinsiefni.



BKT Ridemax IT-697

BKT Ridemax IT 697 er traktors-/iðnaðardekk ætlað fyrir fjölbreyttar aðstæður. Skornir kubbar gefa því frábært grip í snjó og ís. Mikill burður er í dekkinu og nýtist það því bæði fyrir traktora og vagna.

Verslanir N1 um land allt

Akureyri S. 440 1420 • Blönduós S. 440 1339 • Húsavík S. 440 1448
Höfn S. 478 1940 • Ísafjörður S. 456 3574 • Klettagarðar S. 440 1330
Ólafsvík S. 436 1581 • Patreksfjörður S. 456 1245 • Reyðarfjörður S. 474 1293
Reykjanesbær S. 421 4980 • Vestmannaeyjar S. 481 1127

440 1000 n1.is

N1

ALLA LEIÐ

NÝR

20-892

AUSTRI

frá Stóru-Hámundarstöðum, Árskógsströnd.



20-892

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Gerðarlegur hrútur með mjög góð lærahold. Bollengd í meðallagi. Fótleggur 123 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hvítur með svartdröfnótta haus og svört doppa fannst á herðakambi. Gul hár fundust ekki í reyfi. Togið er fremur fínt og hrokkið. Þelið þykkt og ullin mjúk. Ullin er eðlisgóð og hrúturinn fremur ullarmikill.

Reynsla: Austri 20-892 var valinn fyrir sæðingastöðvarnar sumarið 2022. Austri er merkisgripur fyrir þær sakir að hann býr yfir stökkbreytingunni T₁₃₇ sem talin er verndandi gegn riðuveiki. Austri er annar tveggja fullorðinna hrúta í landinu sem staðfest er að beri arfgerðina. Meginhlutverk Austra er því að viðhalda og dreifa þessari arfgerð. Austri er arfblandinn fyrir T₁₃₇ og mun því helmingur afkvæma hans erfa þessa fágætu stökkbreytingu.

Austri hefur staðið sig mjög vel sem lambafaðir á sínu heimabúi. Hann átti best gerða lambahópinn á búinu bæði haustið 2021 og 2022. Í haust voru lömbin almennt léttari en árið áður og liggja tölur því neðar. Meðalfallþungi 27 sláturlamba var að þessu sinni 17,3 kg, einkunn fyrir gerð 9,7 og einkunn fyrir fitu 5,8. Meðalfallþungi búnsins var 16,1 kg, einkunn fyrir gerð 9,3 og einkunn fyrir fitu 5,7.

Austri átti 5 dætur sem báru í vor. Þær áttu 1 lamb að meðaltali sem er aðeins undir búsméðaltali. Austradæturnar skiluðu ágætum lömbum í haust en afurðauppgjör liggur ekki fyrir.

Móður Austra, Hrísey T 15-546, var ekki haldið sem gemlingi, en síðan þá hefur hún einu sinni verið einlembd en annars tvílembd. Hún skilar góðum vænleika og hefur 5,7 afurðastig.

Litaerfðir: Austri er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Áhugaverð arfgerð - er til rannsóknar (ARQ/AT₁₃₇RQ).

Mál og stigun: 2020-51-1 | 13-30/2,7/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=87,0 stig.


EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						117
Fita						109
Skrokkgæði						113
Frjósemi (68%)						99
Mjólurlagni (63%)						103
Heildareinkunn						105

NÝR

21-897

SÆVAR

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.



21-897

Lýsing: Hvítur með fríðan haus og vanin horn. Ákaflega sívalur og útlögumikill með breiða bringu. Mala- og lærahold frábær. Fádæma holdahnykill. Fótleggur 120 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Vel hvítur og gul hár fundust varla í reyfi. Togið mikið og liðað en í meðallagi fínt. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Sævar 21-897 var valinn fyrir sæðingastöðvarnar haustið 2022. Mat hans byggir á niðurstöðu afkvæmarannsóknar veturgömlu hrútanna í Ytri-Skógum. Sævar stóð þar uppi sem sigurvegari en hann átti þann hóp sem var að jafnaði með þykkastan bakvöðva, hæst lærastig og hæsta gerðareinkunn samkvæmt kjötmati. Meðalfallþungi hrútlambanna undan Sævari var 18,1 kg, einkunn fyrir gerð 11,3 og einkunn fyrir fitu 6,4. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 17,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,5 og einkunn fyrir fitu 6,6.

Sævar er líklegur til að gefa frjósamar ær en bæði Grettir 20-877 faðir hans og Sjöfn 18-254 móðir hans standa vel í þeim eiginleika. Sjöfn var tvílembd gemlingur, síðan var hún tvisvar tvílembd og í vor var hún þrílembd. Hún hefur skilað vænleika um meðallag og er með 4,9 afurðastig.

Litaerfðir: Sævar er arfblandinn í A-sæti og erfir alla grunnliti leyfi móðurætt það. Hann erfir tvíliti og hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2021-47-108-36/2,9/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=87,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						121
Fita						110
Skrokkgæði						115
Frjósemi (54%)						110
Mjólurlagni (51%)						102
Heildareinkunn						109

Fóðraðu til fangs

Ærblöndurnar frá Líflandi henta íslensku sauðfé og eru samsettar með efnaþarfir íslensks sauðfjár að leiðarljósi.

Ærblanda með fiskimjöli

Próteinríkt (24%) orkufóður sem hentar þar sem þörf er á sterku fengiendi. Inniheldur ríflegt hlutfall fiskimjöls sem eykur meltanleika.

Ærblanda LÍF

Hagkvæm blanda með 15% próteini sem leggur til viðbótar prótein og orku og hentar með betri heyjum.

Ærblöndurnar fást í 25 og 500 kg sekkjum.

Endursöluaðilar á Ærblöndum Líflands

Verkstaði Svans v. Egilsstaði - KM-þjónustan Búðardal
KVH Hvammstanga - Vélsmiðjan Þristur Ísafirði



Sauðfjáfata

Bætiefnastampur lagaður að þörfum íslensks sauðfjár



FW steinefnasteinn

Stein- og snefilefnabættur saltsteinn fyrir sauðfé og annan búfénað



Fóðurlýsi

Íslenska lýsið - auðugt af A- og D-vítamínum og Omega-3



LiqVita ADE 60

Fljótandi vítamín og selengjafi



Biggi - Alhliða steinefnablanda

Fínt möluð steinefnablanda með háu selen- og E-vítamíninnihaldi



TILBOÐ Á FLUTNINGI

Þú færð Ærblöndur sendar frítt á stöð hjá Samskipum hvert á land sem er. Minnum einnig á áætlunarferðir Líflands.

Gildir til 31. desember 2022 og m.v. að pantaður sé minnst heill stórsekkur eða 12 smásekkir.

fyrir lífið í landinu


LÍFLAND

NÝR

21-898

STROKKUR

frá Hesti, Borgarfirði.



FFMF: Guffi 08-869, MFMF: Börkur 13-952, MMMF: Grábotni 06-833



21-898

Lýsing: Hvítur krapphyrndur. Örlítið grannur um herðar en góð mala- og lærahold. Finlegur og prýðilega gerður hrútur. Fótleggur 116 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur stutt og gróft en þelið þykkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Strokkur 21-898 var valinn fyrir sæðingastöðvarnar á grunni niðurstaðna afkvæmarannsóknar á Hesti. Þar voru í samanburði 11 veturgamlir heimahrútar og einn eldri aðkomuhrútur, Jaður 20-891 frá Múlakoti. Við val á Strokk var horft til þess að hann skilaði fallþunga langt yfir meðallagi í rannsókninni, var einn af hæstu hrútunum fyrir gerð sláturlamba ásamt því að standa sterkur í kynbótamati fyrir mæðraeinleika.

Í afkvæmarannsókninni var meðalfallþungi tvílembingshrútanna undan Strokki 16,3 kg, einkunn fyrir gerð 9,6 og einkunn fyrir fitu 5,3. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 15,6 kg, einkunn fyrir gerð 8,99 og einkunn fyrir fitu 4,8.

Móðir Stroksks, 18-520, er öflug afurðaðær. Hún hefur alltaf verið tvílembd, einnig sem gemlingur. Hún hefur 7,7 afurðastig.

Litaerfðir: Strokkur er arfhreinn hvítur – erfir hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2021-46-109-33/3,4/4,5-7,5-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,0 stig.


	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							124
Fita							102
Skrokkgæði							113
Frjósemi (53%)							107
Mjólurlagni (52%)							108
Heildareinkunn							109

NÝR

22-901

HORNSTEINN

frá Þernunesi, Reyðarfirði.



MFMF: Sproti 12-936, MMF: Frosti 14-987



22-901

Lýsing: Hvítur, sívalhyrndur en hornin nokkuð sver. Ágætlega gerður hrútur, í meðallagi bollangur með nokkuð góð lærahold en mætti vera þroskameiri.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur stutt, strítt og slétt í síðum og aftan til. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Hornsteinn var valinn fyrir sæðingastöðvarnar haustið 2022. Hann er einn þeirra þriggja hrúta sem hefur það mikilvæga hlutverk að innleiða ARR-genasamsættuna í sauðfjárstofninn. Hornsteinn er arfblendinn fyrir ARR og mun því skila því áfram til helmings afkvæma sinna.

Hornsteinn er ekki síst hugsaður sem valkostur fyrir þá sem rækta eingöngu hyrnt fé. Hann er sjálfur nokkuð vel sívalhyrndur. Hann ætti að skila hyrnum lömbum á móti hyrnum ám, en búast má við að hornalagið geti orðið eitthvað breytilegt. Gimsteinn faðir hans á ættir að rekja í hyrnt fé en Kveikur 05-965 frá Hesti er á bak við hann í fimmta ættlið og Otur 00-910 frá Leirhöfn kemur fyrir í áttunda lið. Móðir Hornsteins, 21-033, er kollótt en amma hans, 18-809 er hyrnd dóttir Frosta 14-987 frá Ketilseyri og rekur hún einnig ættir til Stála 06-831 frá Teigi.

Hornsteinn er sjálfur hið lögulegasta lamb en vantaði meiri þroska og vöðvafyllingu til að geta talist úrvals einstaklingur. Það sem að honum stendur er gott. Faðir hans, Gimsteinn, er glæsikind og móðirin af öflugum ættum. Ættarnamat hans gefur því til kynna að hann gæti orðið prýðilegur lambafaðir.

Kynbótaspá Hornsteins er hagstæð bæði hvað varðar mjólurlagni og frjósemi dætra.

Nánustu ættingjar hans eru þó lítt reyndir í þessum eiginleikum sökum ungs aldurs.

Móðir Hornsteins, 21-033, er aðeins veturgömul og Hornsteinn því hennar fyrsta og eina afkvæmi.

Hornsteinn er í öllu falli fyrsti hyrnda hrúturinn sem verður í boði á sæðingastöðvunum með ARR og vonandi mun hann standa undir nafni og verða hornsteinn í ræktun hyrnda stofnsins til framtíðar.

Litaerfðir: Hornsteinn á engin afkvæmi enn. Hann er hreinhvítur og foreldrar hans og foreldrar þeirra eru hvítar kindur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).


Mál og stigun: 2022-42-107-28/3,2/4,5-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,5-8,5-8,0-8,0=84,0 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							111
Fita							92
Skrokkgæði							101
Frjósemi							100
Mjólurlagni							104
Heildareinkunn							102

17-852

BIKAR

frá Syðri-Reykjum, Miðfirði.



MFF: Höttur 09-887; MFMF: Erpur 01-919; MMFF: Undri 05-818



17-852

Lýsing: Dökkgrár, kollóttur með langan og breiðan haus. Herðar breiðar og holdfylltar og útlögur góðar. Holdfylling í baki og á mölum góð. Lærvöðvi fyllir mjög vel í krika. Bollangur og frisklegur hrútur. Fótleggur 123 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Grái liturinn nokkuð jafn um bolinn. Togið er langt og meðalgróft. Þelið er mjög þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Bikar 17-852 er nú að hefja sinn þriðja vetur á stöðvunum. Hann fékk nokkra notkun á síðasta vetri og eru 89 synir hans komnir með skráða dóma. Synir Bikars mælast með þykkastan bakvöðva sona kollóttu stöðvahrútanna ásamt sonum Tóns 18-855. Haustið 2021 mældust synir Bikars með þykkasta bakvöðva sona kollóttu stöðvahrútanna og nú er ljóst að það var ekki tilviljun. Synir Bikars eru meðal þroskamestu hópa afkvæma kollóttu hrútanna. Þeir stigast að jafnaði vel en aðeins ber á fullháftum lömbum. Af sláturlömbum undan Bikari fóru 66% í holdfyllingarflokkana E og U, þar af 16% í E. Þessi lömb voru jafnframt meðal þingstu dilkanna undan kollóttu stöðvahrútunum og tiltölulega fitulítill miðað við fallþunga.

Kynbótamat Bikars fyrir frjósemi dætra er nú orðið traustara eftir að fyrstu dætur hans tilkomnar við sæðingar báru fyrsta sinni síðastliðið vor. Fyrir þennan eiginleika hækkar matið talsvert milli ára. Matið á mjólkurlagni dætra, sem byggir enn á reynslu heima fyrir, stendur áfram mjög sterkt en tæplega 40 dætur Bikars höfðu að meðaltali 5,56 afurðastig samkvæmt afurðauppgjöri haustið 2021. Öryggið á matinu vex til muna þegar haustuppgjöri 2022 lýkur. Allt bendir til að Bikar reynist sterkur kynbótagriður til að bæta marga mikilvæga eiginleika.

Litaerföir: Bikar er arfblendinn grár, gefur tvítt og hreinhvitt en ekki mórautt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-58-110-39/5,0/4,5-8,0-9,0-9,5-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-9,5=89,5 stig.


Lambhrútaskoðun	2021	2022
Fjöldi	35	89
Þungi	48,2	50,3
Fótleggur	108,1	111,8
Læri	17,9	17,7
Ull	7,9	8,0
Ómvöðvi	32,0	31,6
Ómfita	3,4	3,3
Lögur	4,3	4,1

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						109
Fita						111
Skrokkgæði						110
Frjósemi (94%)						104
Mjólkurlagni (90%)						113
Heildareinkunn						109

19-864

DOLLI

frá Miðdalsgröf, Steingrímsfirði.



frá Broddanesi I



19-864

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Háls stuttur og sver með fádæma holdfyllingu. Herðar breiðar og holdfylltar. Bringan breið og útlögurnar miklar og hvelfdar. Frábær bakhold. Malir einstaklega breiðar og holdfylltar. Lærhold með því besta sem gerist. Breiðvaxinn og samanrekinn holdaköggull. Fótleggur 114 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnacka og fótum. Nokkuð um gul hár aftan til í reyfi. Togið í meðallagi fint, þelið fremur þykkt. Ullarmikill hrútur.

Reynsla: Dolli 19-864 fékk allgóða notkun á sínu fyrsta ári á stöðvunum og eru til skráðir dómar á 126 lambhrútum undan honum. Þeir voru riflega meðalvæni miðað við sonahópa kollóttu stöðvahrútanna, bakvöðvaþykkt um meðaltal og vöðvinn oft prýðilega lagaður. Í stigun fyrir einstaka skrokkhluta liggja synir Dolla um meðaltal nema þeir eru áberandi sterkir í lærum. Ullareinkunn þeirra er í lægri kantinum en þar sem Dolli gefur tvítt gæti sá eiginleiki hafa leitt til lækkunar þar. Þau afkvæmi Dolla sem voru rekin til slátrunar flokkuðust vel og fóru um 70% þeirra í gerðarflokkana E og U, þar af 17% í E. Mjög takmörkuð reynsla er komin á Dolla sem ærföður en þær upplýsingar sem liggja fyrir benda til þess að dætur hans reynist afurðær í tæpu meðallagi. Það mun skýrast mun betur að ári. Dolli stendur vel undir þeim væntingum sem til hans voru gerðar sem lambaföður og mátti oft sjá glæsilega syni hans komast ofarlega í uppröðunum á hrútasýningum nú í haust.

Litaerföir: Dolli er arfblendinn hvítur, gefur tvítt og hreinhvitt en líklega ekki mórautt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-46-106-36/3,4/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-19,0-8,0-8,0-8,0=87,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2022
Fjöldi	126
Þungi	48,7
Fótleggur	109,1
Læri	18,0
Ull	8,1
Ómvöðvi	31,1
Ómfita	3,3
Lögur	4,3

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						115
Fita						97
Skrokkgæði						106
Frjósemi (83%)						96
Mjólkurlagni (79%)						99
Heildareinkunn						100



Sauðfjárþændur

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki
og **Sláturhús KVH ehf.** á Hvammstanga
reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárþændum
með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum þændum um land allt
viðskiptin síðastliðin haust!



Eyrarvegi 20 550 Sauðárkróki www.ks.is




Sláturhús KVH ehf.

Norðurbraut 24 530 Hvammstangi www.skvh.is

19-865 HAMUR

frá Heydalsá 2 (Nicole og Guðjóni), Steingrímsfirði.



19-865

Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus. Herðar ávalar og holdfylltar. Bolurinn sívalur. Bakið sterkt og holdfyllt. Góð holdfylling með kúptum vöðvum í mölum og lærum. Langvaxinn og sterklegur hrútur. Fótleggur 116 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, togíð hrokkið og í meðallagi fínt. Þelið í þynnra lagi. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Hamur 19-865 fékk allgóða notkun á sínu fyrsta ári á stöðvunum og skráðir dómur á sonum hans eru orðnir ríflega eitt hundrað. Þeir voru fremur léttir á fæti og var bakvöðvabykk þeirra aðeins undir meðaltalinu. Þetta eru oft fremur lágfættir hrútar. Þeir stigast vel fyrir alla skrokklhluta, eru yfirleitt bollangir og oftast með ágæta ull. Sláturlömb undan Hami flokkast vel og í haust fóru 68% þeirra í gerðarflokka U og E, þar af 17% í E. Þessi lömb eru fremur fitulítill miðað við fallþunga.

Takmörkuð reynsla er komin á Ham sem ærföður. Þrjár veturgamlar dætur hans sem skiluðu afurðum á heimabúi haustið 2021 eru með 5,73 afurðastig að jafnaði. Mun öruggara mat fæst á dætraeiginleika hans næsta haust. Sú reynsla sem komin er, vekur vonir um að Hamur reynist ágætur kynbótahrútur fyrir kollótta féð í landinu. Hann er einn af þeim hrútum sem er arblendinn hvað snertir lítið næmu arfgerðina AHQ og mun því helmingur afkvæma hans erfa hana frá honum.

Lambhrútaskoðun	2022
Fjöldi	108
Pungi	47,0
Fótleggur	107,5
Læri	17,8
Ull	8,4
Ómvöðvi	30,5
Ómfita	3,2
Lögun	4,1

Litaerfðir: Hamur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arblendinn (AHQ//ARQ).


Mál og stigun: 2019-50-104-36/3,6/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,5-8,0-9,0=88,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						113
Fita						105
Skrokkgæði						109
Frjósemi (71%)						98
Mjólurlagni (67%)						107
Heildareinkunn						105

NÝR

19-888 MÓRI

frá Klúku, Steingrímsfirði.



19-888

Lýsing: Mórauður, kollóttur. Útlögumikill og breiðvaxinn. Malir langar og holdfylltar. Lærvöðvi lokar klofi mjög vel. Vörpulegur hrútur, nokkuð stórvaxinn en vel holdfylltur. Fótleggur 125 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Mórauður, fremur ullarmikill. Liturinn nokkuð dökkur og hreinn nema dálítið um ljós hár í síðum og í lærum. Ullin togmikil en togíð hrokkið og fremur fínt. Þelið í þynnra lagi.

Reynsla: Móri 19-888 kom á sæðingastöð sumarið 2022. Hann var valinn á grunni þeirrar góðu alhlíða reynslu sem á hann er komin, bæði sem lamba- og ærföður. Móra svipar að mörgu leyti mjög til föður síns Móra 13-982. Þetta er stórgerður hrútur en engu að síður vel holdfylltur og skilar góðri gerð líkt og kynbótamat hans gefur til kynna. Trúlega mun þessi hrútur þó virka best í hjörðum þar sem vænleiki er almennt góður. Á Klúku liggja fyrir upplýsingar um 104 sláturlömb frá síðustu þrem árum undan Móra. Meðalfallþungi þeirra er 18,7 kg, einkunn fyrir gerð 11,4 og einkunn fyrir fitu 7,1. Nokkur ættbogi er þegar kominn út af Móra en víða á bæjum í nágrenni Klúku er að finna Mórasyni.

Samkvæmt afurðauppgjöri ársins 2021 sýndu veturgamlar dætur Móra glimrandi góða frjósemi. Sjó dætur hans hlutu þá 5,6 afurðastig að meðaltali. Þessar dætur stóðu sig áfram mjög vel í vor en þær veturgömlu sem nú bættust við voru aðeins undir búsméðaltalinu.

Afurðauppgjör liggur ekki fyrir. Óhætt er að ætla að Móri sé efni í úrvalsgóðan ærföður.

Hrafna 15-259, móðir Móra, var alltaf tvílembd, einnig sem gemlingur. Hún skilaði góðum afurðum en varð því miður ekki mjög langlíf. Hún drapst við burð 6 vetra gömul og hafði þá 5,7 afurðastig.

Litaerfðir: Móri er mórauður og getur gefið alla grunnliti leyfi móðurætt það. Hann erfir tvílit og gefur því hreinhvítt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-56-117-33/3,9/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=86,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						116
Fita						99
Skrokkgæði						107
Frjósemi (86%)						106
Mjólurlagni (76%)						110
Heildareinkunn						108

NÝR

19-889 KÚSTUR

frá Miðdalsgröf, Steingrímsfirði (Keyptur frá Hornstöðum, Laxárdal)

SÓPUR 18-308

GARÐABRÚÐA 16-256

FLÓTTI 15-232 ~ SMARTA 16-230

VINUR 11-321 ~ ARÐA 14-115

frá Melum I

FFFF: Baugur 10-889, FMFF: Magni 13-944, MFMF: Styggur 99-877,
MMFF: Sigurfari 09-860

19-889

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Frampartur breiður og sívalur. Malir mjög vel holdfylltar og lærahold frábær. Mikill glæsigripur. Fótleggur 118 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmikill. Togið fremur hrokkið en í grófara lagi. Þel þykkt og mikið. Ullargóður hrútur.

Reynsla: Kústur 19-889 var tekinn í hóp sæðingastöðvahrúta haustið 2022. Val hans byggir á niðurstöðum afkvæmarannsóknar fyrir úrvalshrúta sem fram fór á Kollsá við Hnútafjörð. Kústur er fæddur í Miðdalsgröf í Steingrímsfirði en seldur sem lamb að Hornstöðum í Laxárdal. Kústur reyndist vel á Hornstöðum og því ákveðið að prófa hann í stærri samanburði. Í afkvæmarannsókninni var fallþungi tvílembingshrútanna undan Kústi 18,1 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og einkunn fyrir fitu 6,8. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 18,0 kg, einkunn fyrir gerð 10,0 og einkunn fyrir fitu 6,5. Kústur býr yfir góðri gerð og kom það fram hjá sonum hans en styrkleiki þeirra liggur ekki sist í góðri gerð mala- og læraholda. Þá gefur Kústur fremur feitlagin lömb og ætti því að henta vel í hjörðum þar sem heldur þarf að auka fitu en minnka.

Kústur átti 13 dætur á Hornstöðum sem báru í vor. Frjósemi þeirra var í góðu meðallagi á búinu. Þær skiluðu flestar vænum og vel gerðum lömbum í haust en afurðauppgjör liggur ekki fyrir. Móðir Kústs, Garðabrúða 16-256, var einlembd veturgömul, hefur einu sinni síðan verið einlembd en annars tvílembd. Hún hefur skilað góðum lömbum en meðaleinkunn þeirra fyrir gerð er 11,6. Garðabrúða hefur 6,8 afurðastig.

Litaerföir: Kústur er arfblendinn hvítur – erfir mórault, tvílit og hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Áhugaverð arfgerð - er til rannsóknar (AN₁₃₈RQ/ARQ).

Mál og stigun: 2019-51-109-33/4,5/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,0-8,5-8,0-8,5=86,5 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							109
Fita							96
Skrokkgæði							102
Frjósemi (72%)							101
Mjólklagni (62%)							110
Heildareinkunn							104

NÝR

20-894 FANNAR

frá Smáhörmum 2, Steingrímsfirði.

FÁLKI 19-080

FÍFA 15-266

HNÖTTUR 17-072 ~ ERLA 14-187

KÓPUR 13-052 ~ RANNVEIG 12-034
Steinstúni

FFF: Blíki 16-819, MMFF: Strengur 09-891



20-894

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Frekar finlegur haus. Þrýðileg holdfylling í mölum og í lærum. Fremur smágerður en ljómandi laglegur hrútur. Fótleggur 117 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið slétt og fremur gróft en þelið nokkuð þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Fannar 20-894 var valinn til notkunar á sæðingastöðvunum vorið 2022. Við val á þessum hrút var sérstaklega horft til þess að hann er arfhreinn fyrir lítið næmu arfgerðinni AHQ. Öll hans afkvæmi munu því erfa frá honum lítið næmu arfgerðina.

Fannar er vel gerður gripur og gefur þrýðilega holdfyllingu, þó hann hafi ekki skipað sér í fremstu röð lambafeðra á hinu rótgróna sauðfjárræktarbúi, Smáhörmum. Í haust var meðalfallþungi lamba undan honum 17,5 kg, einkunn fyrir gerð 10,0 og einkunn fyrir fitu 6,6. Meðalfallþungi á búinu var 17,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,6 og einkunn fyrir fitu 6,7.

Fannar er nánast óreyndur sem ærfaðir, en hann átti tvær dætur sem báru í vor og stóðu sig vel. Faðir Fannars, Fálki 19-080 frá Smáhörmum, er einnig lítt reyndur ærfaðir og er því ekki mikið öryggi á kynbótamati Fannars fyrir mæðraeiginleikana.


Móðir Fannars, Fífa 15-266, hefur skilað úrvalsafurðum. Hún var tvílembd gemlingsárið, hefur einu sinni verið einlembd, tvisvar þrílembd en annars tvílembd. Hún er með 8,3 afurðastig og er meðaleinkunn hennar fyrir gerð 12,9.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							102
Fita							106
Skrokkgæði							104
Frjósemi (64%)							98
Mjólklagni (56%)							102
Heildareinkunn							101

Litaerföir: Fannar er arfhreinn hvítur – erfir hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arfhreinn (AHQ//AHQ).

Mál og stigun: 2020-54-105-35/2,6/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-9,0=88,0 stig.



MFF og FFMF: Sproti 12-936, FFFF: Magni 13-944, MFMF: Lykill 03-977



Lýsing: Hvítur, kollóttur, þéttvaxinn og gerðarlegur holdaköggull.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið í meðallagi fínt og þelið fremur þykkt. Ullarprúður hrútur með ljómandi góða ull.

Reynsla: Gullmoli er annar tveggja lambhrúta sem teknir voru inn á stöðvarnar haustið 2022 ásamt Gimsteini 21-899 til þess að innleiða ARR-genasamsætuna í stofninn. Gullmoli er arfblendinn fyrir ARR og mun því helmingur afkvæma hans erfa ARR.

Gullmoli er hinn álitlegasti kynbótahrútur. Hann er sjálfur gullfalegur og gott sem að honum stendur. Einar 19-004 faðir hans er öflugur lambafaðir sem mikið hefur verið brúkaður á Þernunesi. Sem ærfaðir fer hann þokkalega af stað en 18 dætur hans voru aðeins undir búsméðaltali fyrir frjósemi og mjólkurlagni samkvæmt afurðauppgjöri 2021.

Njálu-Brenna 17-717, móðir Gullmola, átti eitt lamb veturgömul en hefur verið tvílembd eftir það. Hún hefur skilað vænleika í þokkalegu meðallagi og er með 4,6 afurðastig samkvæmt afurðauppgjöri 2021. Hún skilar góðri gerð en meðaltal gerðareinkunnar sláturlambanna undan henni er 11,6. Í haust kom hún heim með tvo myndarlega lambhrúta, Gullmola og annan til, sem báðir bera ARR.

Litaerföir: Gullmoli á engin afkvæmi enn. Móðurfaðir hans var hvítur en gaf alla liti og tvílit. Móðir Gullmola hefur hins vegar aðeins átt hvít lömb til þessa.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arfblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: 2022-43-107-32/1,8/4,5-8,0-9,0-8,5-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-8,5=87,5 stig.

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						114
Fita						97
Skrokkgæði						106
Frjósemi						99
Mjólkurlagni						108
Heildareinkunn						104


Lambhrútaskoðun: Yfirlit um helstu meðaltöl frá árinu 2003

Ár	Fjöldi hrútlamba	Meðalþungi	Ómv.	Ómf.	Lögun	Læri	Stig alls
2003	4.955	48,0	27,6	3,2	3,7	16,8	81,7
2004	4.909	47,2	27,8	3,3	3,8	17,0	82,2
2005	5.598	47,4	27,7	3,2	3,7	17,1	82,2
2006	5.522	47,1	27,9	3,0	3,8	17,1	82,2
2007	5.493	46,6	28,5	2,9	3,9	17,2	82,6
2008	4.602	47,3	29,1	2,9	4,1	17,2	82,7
2009	5.712	47,7	29,0	2,9	4,0	17,4	83,0
2010	6.266	47,0	29,1	2,7	4,1	17,4	83,1
2011	6.027	47,1	29,1	2,9	4,1	17,4	83,2
2012	6.076	48,0	29,4	3,0	4,1	17,5	83,4
2013	6.485	46,9	28,7	2,8	4,0	17,4	83,1
2014	6.326	47,3	29,6	2,9	4,1	17,5	83,6
2015	5.425	46,9	29,8	3,0	4,0	17,5	84,0
2016	5.196	48,1	30,6	3,1	4,1	17,7	84,2
2017	4.690	48,2	30,4	3,1	4,1	17,7	84,3
2018	3.826	48,7	30,7	3,1	4,2	17,7	84,7
2019	3.843	48,3	30,7	3,1	4,2	17,8	84,8
2020	3.652	48,9	31,4	3,1	4,2	17,8	84,9
2021	4.396	49,0	31,4	3,2	4,3	17,9	85,2
2022	3.764	47,8	31,3	3,1	4,3	17,9	85,2

**FERHYRNDUR
HRÚTUR**

17-843 SATÚRNUS

frá Sandfellshaga 2, Öxarfirði.



FFF: Tjaldur 11-922; FFMF: Guffi 08-869; FMFF: Hyrnir 03-958;
MFMF: At 06-806; MMMF: Kveikur 05-965



Lýsing: Hvítur, ferhyrndur með stuttan og breiðan haus. Fremur grófur um herðar og svolítið slöður aftan við bóga. Útlögur í meðallagi. Bakhold í meðallagi en holdfylling góð í mólum og lærum. Tignarlegur og vel gerður hrútur. Fótleggur 115 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum en lítið um gul hár í reyfi. Svört doppa á baki. Togið fremur gróft og þelið þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Satúrnus 17-843 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann var valinn í þjónustu stöðvanna til viðhalds á ferhyrnda fé. Þar þótti valið hafa tekist vel þar sem Satúrnus hafði reynst mjög öflugur lambafaðir heima í Sandfellshaga 2. Hann hefur fengið mjög takmarkaða notkun þau tvö ár sem hann hefur verið í boði og því varla fengið tækifæri til að sýna hverju hann getur skilað í dreifðri notkun. Skráðir hafa verið dómar á 9 syni hans sem greinilega voru rígvænir því þeir vógu að meðaltali 51,6 kg. Þeir standa sonum annarra stöðvahrúta ekki langt að baki í mælingum og dómum miðað við þennan litla hóp. Slátrað var 49 lömbum undan Satúrnusi og flokkuðust 53% þeirra í E og U, þar af 14% í E. Satúrnus getur því greinilega skilað þryðilegri gerð með sæmilega gerðum ám.

Dætrahópur Satúrnusar stækkar hægt en hann á þó dagóðan dætrahóp heima í Sandfellshaga 2. Sú reynsla sem komin er á dæturnar bendir til þess að hann verði meðalhrútur sem ærfaðir.

Erfðir ferhyrnda eiginleikans stjórna af ríkjandi geni sem gefur fjögur horn í stað tveggja og nægri að annað foreldranna hafi genið til að eiginleikinn komi fram. Ferhyrnt er alltaf sýnilegt og ef kind, undan ferhyrnda foreldri er ekki ferhyrnt, þá erfir hún afkvæmi sín aldrei að þessum eiginleika.

Litaerfðir: Satúrnus er arfblendinn hvítur, gefur mórauðan lit og tvílít - gefur hreinhvítt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 201 7-44-108-25/2, 1/3, 5-8, 0-7, 5-8, 5-7, 5-8, 5-17, 5-8, 0-8, 0-8, 0-8=81,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2021	2022
Fjöldi	13	9
Pungi	49,8	51,6
Fótleggur	107,4	109,2
Læri	17,6	17,7
Ull	7,9	7,8
Ómvoðvi	30,0	30,8
Ómfita	3,1	3,0
Lögun	4,0	4,2

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð			█				120
Fita		█					95
Skrokkgæði			█				107
Frjósemi (93%)			█				100
Mjólklagn (91%)		█					98
Heildareinkunn							102

Ertu klár fyrir fengitímann?



Chevivit E-Selen / V

- Inniheldur E-vitamin og Selen
- Eykur frjósemi
- Eflandi áhrif á ónæmiskerfið
- Auðvelt að gefa

Flaskan dugur í 125 ær

Forðastautar fyrir sauðfé

- Leysast hægt upp í vömbinni
- Virka í u.þ.b 4 mánuði
- Fæst einnig með kopar
- 50 stk í stauk

Allar upplýsingar og verð, ásamt ríkulegu úrvali inn á netverslun okkar:

WWW.KB.IS



Skírlífsbelti



Klaufklippur



Verstaðu í hlýjunni heima




FELDFJÁR
HRÚTUR

18-881
BRÚSI

NÝR

frá Melhól, Meðallandi.



FFF: Lobbi 09-939, 09-012 er móðir Ljúfs 16-817 frá Melhóli



Lýsing: Grár, kollóttur með þröttlegan og svipfríðan haus. Að sköpulagi minnr hann á fyrri feldhrúta á stöðvunum en er þó heldur þéttvaxnari og lágfættari en margir þeirra. Fótleggur 126 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Steingrár og litur mjög jafn um allan bolinn. Eins og vera ber hjá feldhrút er ullin mjög þellítill en togíð fínt, hrokkið og togháragerðin mjög jöfn.

Reynsla: Brúsi 18-881 var valinn inn á stöðvarnar nú í sumar sem kynbótahrútur fyrir feldgæði. Hann hefur skilað góðum feldgæðum hjá afkvæmum sínum á heimabúi. Grunnhópurinn í ræktun feldfjár er mjög lítill og því orðið torvelt að finna nýja hrúta sem eru fjarskyldir fyrri stöðvahrútum. Brúsi er þó lítið skyldur sumum þeirra. Lobbi 09-939 er FFF hans en móðir Brúsa er sammæðra Ljúf 16-817. Brúsi er því skyldastur Ljúfsdætrum af dætrum þeirra

feldhrúta sem hafa verið á stöð.

Móðir Brúsa var höfð geld sem gemlingur, var einlembd tvævetla en síðan ætíð tvílembd til átta vetra aldurs. Hún var með 5,1 afurðastig.

Best er að nota gráar eða svartar ær til að hefja ræktun feldeiginleika og er kostur að ull þeirra sé þellítill og togíð langt og fingert.

Litaerfðir:

Brúsi er arfblendinn grár í A-sæti en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:

Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

FORYSTUHRÚTUR

FORYSTU
HRÚTUR

17-861
FJALLI

frá Hárlaugstöðum 2, Ásahreppi.



MFF og MMFF: Karl Philip 05-827; FFFF og FMMF: Blesi 98-884



Lýsing: Fjalli er móarmhosóttur, krapphyrndur, hnarreistur og upplitsdjarfur, ákaflega höfðinglegur á velli. Eins og góðum forystuhrúti sæmir er hann athugull og vel vakandi fyrir umhverfi sínu í hvívetna enda augað bæði svipgott og vökult. Fas hans og franganga er til sóma, hann er ljúfur og sýndi sitt góða eðli mjög glöggt í haust er hann fór fyrir hópi hinna miklu kynbótakra stöðvanna er þeir voru teknir á hús. Fjalli er mjög meðfærilegur og var notaður á heimabúi til að leita í ánum á fengitið.

Fjalli er tiltölulega lítt skyldur þeim forystuhrútum er stikað hafa um krubbur sæðingastöðvanna undanfarnin ár þó hann eigi ættir að rekja til fallinna höfðingja eins og Blesa 98-884, Karls Philips 05-827. Fjalli á einkum ættir að rekja til hinnar rótgrönu forystufjarræktunar Norður-Þingeyinga, en einnig til forystufjár

á Suðurlandi sem þar hefur verið ræktað um árabíl. Að þessu sögðu verður vart annað ályktað en Fjalli henti prýðisvel til viðhalds hinum margrómaða og einstaka eiginleika sem forystueðli íslenska forystufjárins er.

Litaerfðir:

Undan Fjalla geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:

Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

Hrútar 2022-23, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2022

Hyrndir Númer og nafn	Kynbótamat														Hella	Stöð 2022-23							
	Fjöldi	Pungi	OMV	OMF	Lögun	Fótl.	Haus	H + h.	B + átl.	Bak	Maltr	Læri	Ull	Fatur			Samr.	ALLS	Gerð	Fita	Skrgæði	Fryðsemi	Mjlagni
15-867 Lómi	88	48,4	30,7	2,6	4,1	109,8	8,0	8,4	8,7	8,8	8,7	17,6	7,9	8,0	8,3	84,4	100	114	107	105	107	106	Fallinn
16-824 Breki	27	49,1	31,3	3,0	4,1	108,4	8,0	8,6	8,8	8,8	8,8	18,0	7,9	8,0	8,4	85,3	109	112	110	100	107	106	Porleifskot
16-825 Glámur	30	46,7	31,8	2,9	4,3	109,4	7,9	8,6	8,8	9,0	8,8	18,1	7,8	8,0	8,3	85,3	118	112	115	113	102	110	Fallinn
16-826 Heimaklet	7	48,6	31,2	3,3	4,1	108,6	8,0	8,7	8,9	8,5	8,9	17,9	8,4	8,0	8,6	85,9	111	106	109	102	114	108	Fallinn
16-828 Mjólnir	74	48,4	30,6	2,8	4,1	110,0	8,0	8,4	8,6	8,7	8,7	17,8	7,8	8,0	8,3	84,3	112	122	117	111	97	108	Fallinn
16-829 Stapi	46	47,5	32,1	3,4	4,4	109,0	7,9	8,5	8,8	9,0	8,7	17,9	7,9	8,0	8,4	85,1	111	108	110	104	107	107	Fallinn
16-838 Garpur	23	47,3	31,9	3,1	4,4	108,6	7,9	8,5	8,8	9,0	8,8	17,8	7,9	8,0	8,4	85,1	109	112	111	95	104	103	Fallinn
16-839 Kappi	62	47,1	31,7	3,1	4,3	109,1	7,9	8,5	8,7	8,9	8,8	17,9	7,8	8,0	8,3	84,8	118	97	108	92	97	99	Fallinn
16-841 Sammi	52	48,2	30,5	3,0	4,1	108,6	8,0	8,5	8,8	8,8	8,7	17,7	7,9	8,0	8,3	84,7	110	106	108	113	109	110	Porleifskot
16-868 Hvíslí	42	46,7	29,9	2,9	3,9	108,7	8,0	8,3	8,6	8,5	8,6	17,6	7,8	8,0	8,3	83,7	101	107	104	103	121	109	Borgarnes
16-869 Kapall	216	47,4	31,0	3,4	4,3	110,0	8,0	8,5	8,7	8,8	8,8	17,8	7,9	8,0	8,3	84,8	114	101	108	107	100	105	Fallinn
17-831 Amor	50	49,6	32,6	3,1	4,4	109,8	8,0	8,7	8,9	9,1	8,9	18,0	8,0	8,0	8,5	86,1	120	106	113	101	97	104	Fallinn
17-842 Börkur	76	47,2	32,3	3,4	4,4	107,8	7,9	8,5	8,8	8,9	8,9	18,0	7,7	8,0	8,3	85,0	129	104	116	99	94	103	Porleifskot
17-843 Satúrnus*	9	51,6	30,8	3,0	4,2	109,2	7,9	8,6	8,7	8,8	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	84,5	120	95	107	100	98	102	Porleifskot
17-844 Viðar	368	49,8	31,0	2,7	4,3	108,5	7,9	8,6	8,9	8,9	9,0	18,2	7,8	8,0	8,5	85,8	126	109	118	107	109	111	Fallinn
17-870 Dalur	126	46,8	31,1	2,8	4,3	108,8	8,0	8,5	8,7	8,8	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	84,5	116	93	104	99	107	103	Porleifskot
17-871 Sokkur	65	48,0	30,6	2,8	4,2	109,1	8,0	8,4	8,6	8,7	8,6	17,5	7,9	8,0	8,3	84,0	108	112	110	105	112	109	Fallinn
17-872 Suddi	113	47,4	31,9	3,1	4,3	108,5	7,9	8,7	8,8	8,9	8,9	18,0	7,8	8,0	8,4	85,4	128	102	115	98	95	103	Borgarnes
17-873 Svartur	86	47,3	31,3	2,7	4,3	109,7	8,0	8,5	8,7	8,8	8,7	17,5	7,9	8,0	8,3	84,4	113	108	110	106	107	108	Borgarnes
18-834 Rammí	107	45,5	33,1	2,9	4,4	108,7	8,0	8,5	8,7	9,0	8,7	17,8	7,9	8,0	8,3	84,9	117	103	110	103	108	107	Porleifskot
18-835 Völlur	100	47,6	31,4	2,8	4,4	109,6	8,0	8,5	8,8	9,0	8,8	17,7	7,9	8,0	8,4	85,1	118	103	111	99	113	108	Fallinn
18-846 Snar	5	43,6	30,7	3,1	3,8	109,0	8,0	8,1	8,5	8,5	8,7	17,7	8,2	8,0	7,9	83,6	120	88	104	90	90	95	Fallinn
18-880 Fróði																	115	105	110	104	115	110	Porleifskot
18-882 Angi																	108	101	104	120	119	114	Porleifskot
19-848 Glitnir	165	48,0	30,6	2,8	4,2	109,6	8,0	8,5	8,8	8,8	8,8	17,9	7,9	8,0	8,3	85,0	114	113	113	107	102	107	Borgarnes
19-849 Kostur	105	46,6	31,7	3,4	4,3	108,3	8,0	8,6	8,8	8,9	8,9	17,9	7,9	8,0	8,3	85,3	123	97	110	106	97	104	Borgarnes
19-874 Hnokki	191	45,5	32,2	3,3	4,5	106,2	8,0	8,6	8,7	8,9	8,8	17,9	7,9	8,0	8,3	85,1	134	92	113	95	103	104	Borgarnes
19-883 Kraftur																	122	104	113	101	110	108	Porleifskot
19-884 Askur																	122	101	111	101	105	106	Porleifskot
19-885 Alli																	122	101	111	100	115	109	Borgarnes
19-886 Baldur																	117	113	115	102	106	108	Borgarnes
20-875 Galli	202	45,8	32,9	3,0	4,4	106,4	8,0	8,7	8,8	9,0	8,9	18,0	7,9	8,0	8,4	85,7	127	95	111	108	104	108	Porleifskot
20-876 Gimli	126	47,9	32,3	2,7	4,4	109,7	8,0	8,6	8,9	9,0	8,9	18,0	7,8	8,0	8,4	85,6	115	117	116	98	98	104	Borgarnes

20-877	Grettir	211	47,9	32,0	2,8	4,4	108,6	8,0	8,6	8,8	9,0	8,7	17,8	7,9	8,0	8,4	85,2	117	109	113	109	102	108	Borgarnes	
20-878	Kurdo	124	47,7	31,4	3,1	4,3	110,2	8,0	8,5	8,7	8,9	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	84,6	113	96	104	105	98	102	Porleifskot	
20-879	Stedji	86	47,7	31,8	2,8	4,3	109,0	8,0	8,4	8,7	8,9	8,8	17,8	7,8	8,0	8,3	84,7	121	113	117	105	103	108	Fallinn	
20-890	Hnaus																		121	108	114	108	113	112	Borgarnes
20-891	Jaður																		119	105	112	106	105	108	Borgarnes
20-892	Austri																		117	109	113	99	103	105	Porleifskot
21-896	Pór																		120	106	113	109	104	109	Borgarnes
21-897	Sævar																		121	110	115	110	102	109	Porleifskot
21-898	Strokkur																		124	102	113	107	108	109	Porleifskot
22-900	Trausti																		110	96	103	110	99	104	Borgarnes
22-901	Hornsteinn																		111	92	101	100	104	102	Porleifskot
MT. HYRNDIR		2.982	47,6	31,6	3,0	4,3	108,7	8,0	8,5	8,8	8,9	8,8	17,9	7,9	8,0	8,4	85,2								* Ferhyrningur

Kollottir

15-818	Baukur	3	56,0	31,2	3,3	4,5	111,3	8,0	8,7	9,0	9,0	8,8	18,0	8,5	7,8	8,7	86,5	111	100	106	99	102	102	Fallinn	
15-850	Vöttur	19	47,4	30,2	3,2	3,8	110,2	7,9	8,5	8,6	8,6	8,7	17,6	8,1	8,0	8,5	84,5	97	111	104	109	113	109	Fallinn	
16-851	Klettur	29	46,7	30,0	3,3	4,1	109,0	7,9	8,5	8,8	8,6	8,7	17,7	8,5	8,0	8,4	85,1	110	98	104	98	107	103	Fallinn	
17-821	Fálki	45	48,9	31,2	3,2	4,3	107,5	7,8	8,6	8,8	8,8	8,9	18,0	8,5	8,0	8,5	85,9	123	105	114	100	102	105	Fallinn	
17-852	Bíkar	89	50,3	31,6	3,3	4,1	111,8	7,9	8,7	8,7	8,8	8,7	17,7	8,0	8,0	8,2	84,7	109	111	110	104	113	109	Porleifskot	
17-853	Pokki	26	51,1	30,8	3,3	4,3	108,7	7,9	8,6	8,7	8,8	8,7	17,8	8,1	8,0	8,5	85,1	109	102	105	96	120	107	Borgarnes	
18-854	Svörður	98	50,0	31,1	3,0	4,2	110,0	7,9	8,6	8,7	8,8	8,7	17,9	8,4	8,0	8,5	85,5	104	113	108	104	115	109	Borgarnes	
18-855	Tónn	111	47,4	31,6	3,3	4,4	109,0	7,9	8,6	8,7	8,9	8,8	17,9	8,4	8,0	8,5	85,7	117	98	107	98	99	101	Borgarnes	
18-863	Jötunn	26	51,1	30,8	3,4	4,1	108,8	7,9	8,7	8,8	8,8	8,9	18,1	8,5	8,0	8,6	86,3	113	98	105	90	95	97	Borgarnes	
19-858	Lurkur	52	48,5	30,8	3,2	4,1	109,4	7,9	8,6	8,7	8,8	8,8	18,0	8,1	8,0	8,3	85,2	112	115	114	82	105	100	Fallinn	
19-864	Dolli	126	48,7	31,1	3,3	4,3	109,1	7,9	8,6	8,7	8,8	8,8	18,0	8,1	8,0	8,4	85,3	115	97	106	96	99	100	Porleifskot	
19-865	Hamur	108	47,0	30,5	3,2	4,1	107,5	7,9	8,6	8,7	8,7	8,7	17,8	8,4	8,0	8,4	85,2	113	105	109	98	107	105	Porleifskot	
19-866	Strandagal	50	46,2	29,6	3,3	3,9	108,5	7,8	8,5	8,7	8,4	8,7	17,8	8,3	8,0	8,4	84,6	116	99	108	93	110	104	Fallinn	
19-887	Glæsir																		120	108	114	106	107	109	Borgarnes
19-888	Móri																		116	99	107	106	110	108	Porleifskot
19-889	Kústur																		109	96	102	101	110	104	Porleifskot
20-893	Kalli																		107	105	106	106	106	106	Borgarnes
20-894	Fannar																		102	106	104	98	102	101	Porleifskot
21-899	Gimsteinn																		115	86	100	102	105	102	Borgarnes
22-902	Gullmoli																		114	97	106	99	108	104	Porleifskot

MT. KOLLÓTTIR 782 48,5 31,0 3,2 4,2 109,2 7,9 8,6 8,7 8,8 8,8 8,8 17,8 8,3 8,0 8,4 85,3


MT. ALLIR 3.764 47,8 31,3 3,1 4,3 108,8 8,0 8,5 8,8 8,9 8,8 8,9 17,9 7,9 8,0 8,4 85,2

Feldfjárhútur:

18-881	Brúsi																	92	89	91	84	85	87	Porleifskot
--------	-------	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	----	----	----	----	----	----	-------------

16-868 HVÍSILI

frá Gunnarsstöðum I, Pistilfirði.



Lýsing: Hvítur, krapphyrndur en fínhyrndur. Holdfylling í meðallagi hvar sem á honum er tekið. Langvaxinn hrútur. Fótleggur 118 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Gulur á haus, hnakka og fótum. Gul hár útbreidd í reyfi. Togið fremur gróft og þelið í þynnra lagi. Ullarlítil miðað við aldur.

Reynsla: Hvíslí 16-868 var allnokkuð notaður á sínu fyrsta ári á sæðingastöð. Búið er að skrá dóma á ríflega 40 synir hans. Þetta var vel gerður hrútahópur þó hann stæðist ekki algerlega samanburð við aðra bræðrahópa undan hyrndu stöðvahrúttunum. Við því var heldur ekki að búast. Hvíslí var fyrst og fremst valinn inn á stöðvarnar vegna þess að dætur hans virðast vera frábærar mjólkuræar.

Hvíslí á stóran dætrahóp heima á Gunnarsstöðum. Þær sýndu frjósemi vel yfir meðaltali búsinu nú í vor og hækkar kynbótamat hans fyrir frjósemi dætra talsvert milli ára. Meðalafurðastig hjá 34 dætrum haustið 2021 er 5,41 sem er mjög gott fyrir svo stóran dætrahóp. Hvíslí virðist einnig enn standa búna vel undir gríðarháu kynbótamati fyrir mjólkurlagni dætra. Það er því full ástæða til að hvetja bændur til að freista þess að næla sér í öflugar ær undan Hvíslá.

Litaerföir: Hvíslí er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2016-49-108-29/2, 1/3, 5-8, 0-8, 0-8, 0-8, 5-8, 5-17, 5-7, 5-8, 0-8, 5=82,5 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							101
Fita							107
Skrokkgæði							104
Frjósemi (93%)							103
Mjólkurlagni (91%)							121
Heildareinkunn							109

17-872

SUDDI

frá Skarðaborg, Reykjahverfi.



Lýsing: Hvítur, fínhyrndur. Hausinn breiður og friður. Hálsinn stuttur og sver. Breiðar holdfylltar herðar og sívalur bolur. Góð holdfylling í baki. Afturpartur breiður og holdgróinn. Langvaxinn hrútur. Fótleggur 120 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Vel hvítur, en örlítið um gul hár aftan til í reyfi. Togið stutt en fínt. Þelið þykkt og mjúkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Suddi 17-872 fékk allmikla notkun á sínu fyrsta ári á sæðingastöð. Ríflega 100 synir hans eru komnir með skráða dóma eftir haustið. Sá hópur staðfesti það vel að Suddi er öflugur lambafaðir. Lömbin voru mjög jafnvaxin, með góða bollengd og öflugan afturpart. Rétt tæp 70% þeirra lamba undan honum, sem fóru í sláturhús flokkuðust í E og U, þar af rúm 17% í E.

Suddi átti 32 dætur tveggja vetra og eldri heima í Skarðaborg nú í vor og áttu þær 2,0 lömb að meðaltali. Mjólkurlagni dætra hans virðist vera í tæpu meðallagi samkvæmt kynbótamatinu sem enn byggir aðeins á upplýsingum af heimaslóðum. Suddi stendur sterkur sem öflugur lambafaðir eftir niðurstöður haustsins. Hann er einnig mjög áhugaverður fyrir þær sakir að vera fjarskyldur helstu ættfeðrum síðustu ára.

Litaerföir: Suddi er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-40-108-31/2, 1/4, 5-8, 0-8, 0-8, 0-9, 0-9, 0-18, 5-8, 0-8, 0-8, 0=84,5 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							128
Fita							102
Skrokkgæði							115
Frjósemi (93%)							98
Mjólkurlagni (92%)							95
Heildareinkunn							103

Lambhrútaskoðun	2022
Fjöldi	113
Þungi	47,4
Fótleggur	108,5
Læri	18,0
Ull	7,8
Ómvöðvi	31,9
Ómfita	3,1
Lögun	4,3

Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaða, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT



Fer fremstur

CLAAS



Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi



Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland



Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini

Schäffer



Styrkur - afköst- skilvirkni

JCB



Nýsköpun - metnaður - framsækni

17-873 SVARTUR

frá Hvammi í Lóni.



17-873

Lýsing: Svartur, vel hyrndur. Herðar fremur háar en holdfylltar. Ágæt holdfylling í baki. Malir breiðar, langar og holdfylltar. Holdfylling í lærum góð. Spakur og myndarlegur hrútur. Fótleggur 124 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Svartur, dálítið um grá hár í reyfi. Reyfið togmikið og togíð langt en þelið lítið.

Reynsla: Svartur 17-873 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en hann var valinn á stöð m.a. vegna góðrar frammistöðu í afkvæmarannsóknnum heima í Hvammi. Svartur fékk þokkalega notkun á fyrsta ári og góður hópur af lömbum undan honum skilaði sér til dóms í haust. Lambhrútarnir undan honum voru um meðaltal í bakvöðvaþykkt og lögun bakvöðva og er Svartur í hópi þeirra stöðvahrúta sem skila hvað minnstri fitu í bakmælingum afkvæma. Helmingur lambhrútanna var með 85 heildarstig eða meira og sá stigahæsti með 89 stig. Lömb undan Svartu flokkast ágætlega í sláturhúsi. Af 308 sláturlömbum í haust fóru 61,3% í E- og U-flokk og 48,1% í fituflokk 2. Fallþungi þeirra var 18 kg sem er heldur yfir meðaltali. Svartur gefur góðan fallþunga og vel gerð lömb.

Svartur hefur aðeins lækkað milli ára í BLUP-kynbótamati fyrir frjósemi og mjólkurlagni. Engu að síður voru dætur hans á heimabúi ágætlega frjósamar og afurðir þeirra rétt um meðaltal búsin samkvæmt afurðauppgjöri haustið 2021. Frjósemi dætra Svarts á heimabúi var mjög góð í vor; sérstaklega hjá fullorðnu ánum eða 2,13 lömb að meðaltali hjá 15 dætrum hans. Tvævetlur og gemlingar voru rétt um meðaltal búsin en tvævetlurnar eru 20 og gemlingarnir 19. Afurðauppgjör 2022 liggur ekki fyrir.

Áfram bendir flest til þess að Svartur sé sterkur alhliða kynbótahrútur.

Litaerföir: Svartur hefur verið talinn arfhreinn svartur í A-sæti en líklega gefur hann mórault þar sem skráð voru 4 mórauð lömb undan honum í vor. Hann gefur ekki tvílit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2017-60-114-36/2,5/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-17,5-8,5-8,0-8,5=85,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2022
Fjöldi	86
Þungi	47,3
Fótleggur	109,7
Læri	17,5
Ull	7,9
Ómvöðvi	31,3
Ómfita	2,7
Lögun	4,3

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							113
Fita							108
Skrokkgæði							110
Frjósemi (88%)							106
Mjólkurlagni (83%)							107
Heildareinkunn							108

19-848 GLITNIR

frá Efri-Fitjum, Fitjárdal.



19-848

Lýsing: Hvítur fínhyrndur með friðan haus. Bolur sívalur og feiknagóð holdfylling í baki og á mölum. Lærahold frábær. Jafnvaxinn og fallegur hrútur. Fótleggur 122 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í meðallagi. Togið hrokkíð og fint en þelið fremur lítið. Ull góð.

Reynsla: Glitnir 19-848 er nú að hefja sinn þriðja vetur á stöðvunum. Hann fékk talsvert mikla notkun á síðasta ári og er búið að skrá dóma á 165 syni hans. Árið 2021 voru dæmdir synir hans tvöfalt fleiri enda var hann þá meðal eftirsóttustu hrúta. Synir hans þetta haustið voru heldur í vænni kantinum en þykkt bakvöðvans er dálítið undir meðaltali sona hyrndu stöðvahrúta. Stigun Glitnissona liggur mjög nærri meðaltalinu fyrir alla eiginleika. Um 66% sláturlamba undan Glitni flokkuðust í holdfyllingarflokkana E og U, þar af 15% í E. Kynbótamat Glitnis fyrir skrokkeiginleika breytist mjög lítið milli ára.

Nú er komin víðtækari reynsla á frjósemi Glitnisdætra og virðast þær stefna í að verða frjósamar ær. Kynbótamat fyrir mjólkurlagni dætra lækkar aðeins milli ára en rétt að benda á að þar er aðeins um að ræða mat á dætrum hans á heimabúi. Það verður því spennandi að sjá hverju dætur þessa vinsæla hrúts skila eftir haustuppgjörið. Þar er býsna stór dætrahópur á ferðinni og matið því traust þegar þar að kemur.

Litaerföir: Glitnir er arfblendinn hvítur, erfir ekki mórault en gefur tvílitt og hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).


Mál og stigun: 2019-51-110-38/3,3/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-19,5-8,5-8,0-8,5=89,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2021	2022
Fjöldi	323	165
Þungi	49,0	48,0
Fótleggur	109,4	109,6
Læri	18,0	17,9
Ull	7,9	7,9
Ómvöðvi	31,5	30,6
Ómfita	2,9	2,8
Lögun	4,3	4,2

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							114
Fita							113
Skrokkgæði							113
Frjósemi (97%)							107
Mjólkurlagni (75%)							102
Heildareinkunn							107

19-849 KOSTUR

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.



Lýsing: Hvítur, fínhyrndur með vanin horn. Hausinn stuttur og sver. Herðar holdgrónar og bolurinn mjög víður og sívalur. Bak holdgróið. Lærvöðvi kúptur og lokar klofi vel. Samanrekin holdahnaus. Fótleggur 112 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, dindli og á fótum. Gul hár nokkuð áberandi í reyfi, einkum aftan til. Togið fínt og mjög hrokkíð. Fremur ullarmikill hrútur.

Reynsla: Kostur 19-849 er nú að hefja sinn þriðja vetur á stöðvunum. Hann fékk dálitla notkun á síðastliðnum vetri og hafa verið skráðir dómar á 105 syni hans. Þessi hópur er mjög áþekkur þeim stóra hópi sona sem Kostur átti haustið 2021 en á sínu fyrsta ári á stöð var hann meðal eftirsóttustu hrúta. Þetta eru þétvaxin lömb sem láta oft ekki mikið yfir sér en eru oft mjög átaksgóð, einkum á baki, mölum og í lærum. Sláturlömb undan Kosti voru í léttari kantinum í samanburði við sláturlambahópa undan hyrndu stöðvahrútinum þetta haustið. Um 67% þeirra flokkuðust í E og U fyrir gerð, þar af tæp 17% í E.


Stór hópur veturgamalla dætra Kosta vítt um land, sýndi ágæta frjósemi nú í vor. Kynbótamat hans fyrir mjólkurlagni dætra byggir enn á dætrum hans heima í Ytri-Skógum. Mun öruggara mat fæst þegar haustuppgjör 2022 á landsvísi, liggur fyrir. Kostur er um margt ágætur valkostur sem kynbótahrútur. Til viðbótar má benda á það að hann er einn þeirra stöðvahrúta sem getur skilað lítt næmri arfgerð gagnvart riðu til afkvæma sinna.

Litaerfðir: Kostur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-49-109-36/3,5/5,0-8,0-9,5-9,0-9,5-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=87,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2021	2022
Fjöldi	276	105
Þungi	47,2	46,6
Fótleggur	107,7	108,3
Læri	17,8	17,9
Ull	7,9	7,9
Ómvöðvi	31,9	31,7
Ómfita	3,5	3,4
Lögun	4,3	4,3



19-874 HNOKKI

frá Garði, Pistilfirði.



Lýsing: Hvítur, fínhyrndur og vel hyrndur. Hausinn fríður, hálsinn stuttur og sver. Breiðar ákaflega holdfylltar herðar og miklar útlögur. Holdfylling í baki og mölum frábær. Lærvöðvi vel lagaður og lokar klofi vel. Breiðvaxinn, samanrekin holdahnaus. Fótleggur 110 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka, við dindil og á fótum. Dálítið um gul hár aftan til í reyfi. Svolítið ullarstuttur í baki. Togið fremur gróft en þelið þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Hnokki 19-874 var með meðal vinsælustu hrúta á sínu fyrsta ári á sæðingastöð og er búið að skrá dóma á tæplega 200 syni hans. Þeir voru alla jafna fremur finlegir, lágfættir og samanreknir holdakögglar. Þau afkvæmi Hnokka sem höfnuðu í sláturhúsi flokkuðust ákaflega vel og fór rétt um 75% þeirra í E og U, þar af tæp 28% í E. Hnokki skilar ekki yfirburðum í þunga en ákaflega vel gerðum lömbum. Hann er greinilega ekki fituleysishrútur miðað við kjötmat sláturlamba nú í haust. Þar gæti hann svarað nokkuð vel breyttum áherslum í verðlagningu dilkakjötis hjá afurðastöðvunum.


Takmörkuð reynsla er komin á Hnokka sem ærföður. Dætur hans í heimháraði sýndu frjósemi í tæpu meðallagi í vor og því lækkar kynbótamat hans fyrir þann eiginleika á milli ára. Margar af dætrum Hnokka hafa eflaust verið settar á vetur og því fæst mun öruggari mynd af honum sem ærföður að ári. Hann hefur hins vegar þegar sannað sig rækilega sem prýðilegur lambafaðir.

Litaerfðir: Hnokki er arfblendinn hvítur, erfir ekki mórautt en gefur tvílitt og hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-42-105-33/2,7/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-8,0-8,0-8,0=86,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2022
Fjöldi	191
Þungi	45,5
Fótleggur	106,2
Læri	17,9
Ull	7,9
Ómvöðvi	32,2
Ómfita	3,3
Lögun	4,5



NÝR

19-885

ALLI

frá Snartarstöðum 2, Núpasveit.



19-885

Lýsing: Hvítur, hyrndur með gott hornalag. Þéttvaxinn hrútur með góða bollengd og breiðan og holdugan afturpart. Fallegur hrútur á velli. Fótleggur 120 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Vel hvítur en gular illhæruur finnast á mölum. Togið fremur fint og liðað. Þelið þykkt og ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Alli 19-885 var valinn til notkunar á sæðingastöð sumarið 2022 og byggðist valið á góðri frammistöðu hans á heimabúi. Alli hefur komið mjög vel út sem lambafaðir. Samkvæmt kjötmattsskýrslu 2020 var fallþungi lamba undan honum 18,5 kg, gerðareinkunn 11,0 og einkunn fyrir fitu 7,4. Meðaltal búsins var 18,0 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,1 og fyrir fitu 7,4. Árið 2021 voru lömbin undan Alla heldur undir í fallþunga en yfir í gerð og á meðaltali fyrir fitu. Til eru nokkrir synir hans sem láta að sér kveða sem lambafeður bæði heima á Snartarstöðum og víðar um land.

Við val Alla var ekki síst horft til þess að hann lofar góðu sem ærfaðir, sérstaklega m.t.t. mjólkurlagni dætra. Samkvæmt afurðauppgjöri haustið 2021 var meðalafurðastig 10 dætra hans 5,56 og frjósemiseinkunn þeirra 105. Í vor stöðu tvævetlunar sig vel í frjósemi en 12 veturgamlar ær á Snartarstöðum voru aðeins undir búsméðaltali. Þær skiluðu þó 1,08 lömbum að jafnaði.

Móðir Alla, 14-075, var tvílembd sem gemlingur og hefur síðan verið tvisvar tvílembd og fimm sinnum þrílembd. Settir hafa verið á undan henni 4 lambhrútar og 4 gimbrar. Hún er mikil og góð afurðæxer með 9,8 í afurðaeinkunn.

Litaerfðir: Alli er arfhreinn hvítur

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-50-108-34/3,2/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-8,5=88,0 stig.


EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						122
Fita						101
Skrokkgæði						111
Frjósemi (82%)						100
Mjólkurlagni (74%)						115
Heildareinkunn						109

NÝR

19-886

BALDUR

frá Urriðaa, Miðfirði



19-886

Lýsing: Hvítur, fremur krapphyrndur með afar svipmikinn og þröttlegan haus. Útlögumikill, breiðvaxinn og samsvarar sér mjög vel. Lærahöld mjög góð. Ákaflega gerðarlegur hrútur. Fótleggur 120 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hvítur, fölgulur í hnacka og á fótum. Dálítið um gul hár aftan til í reyfinu. Ull í baki aðeins í styttra lagi. Togið meðalfint, þelið þykkt. Ullarmagn í góðu meðallagi.

Reynsla: Baldur 19-886 var valinn haustið 2022 til notkunar á sæðingastöðvunum að aflokinni afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta sem fram fór á Bergstöðum í Miðfirði. Baldur er sonur Bauks 15-018 frá Efri-Fitjum sem óllinn aldur á Urriðaa og átti þar farsælan feril sem einn af helstu lambafeðrum búsins. Svo virðist sem Baldur ætli að sverja sig í ættina sem öflugur lambafaðir. Á síðustu þremur árum hefur verið lögð undan honum u.þ.b. 190 lömbum á Urriðaa og er meðalgerðareinkunn þess hóps 12,5 við 20,1 kg fallþunga.

Í afkvæmarannsókninni var meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Baldri 19,9 kg, einkunn fyrir gerð 12,4 og einkunn fyrir fitu 6,5. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 19,8 kg, einkunn fyrir gerð 12,0 og einkunn fyrir fitu 7,0. Þá átti Baldur þó nokkuð af góðum hrútsefnum og í raun átti hann stærsta hlutdeild í lambhrútahópnum sem stigaðist upp á 86,5 stig eða meira í þessari rannsókn.

Sex dætur Baldurs báru í vor, þar af 4 tvævetlur. Þær sýndu ágæta frjósemi en þessar fáu dætur gefa aðeins takmarkaða mynd. Baldur er óskrifað blað m.t.t. mjólkurlagni. Faðir hans stendur ekki hátt í kynbótamatí fyrir þann eiginleika. Ef Baldur skilar hinsvegar kostum móður sinnar áfram þarf ekki að örvænta um hann sem ærföður. Móðir Baldurs, 14-100, hefur reynt endingargóð og öflug ær. Hún átti tvö lömb veturgömul og eftir það hefur hún einu sinni verið þrílembd, einu sinni einlembd en annars tvílembd. Hún hefur 8,9 afurðastig. Út af henni er talsverður ættbogi en 11 lömb hafa verið sett á undan þessari heiðursá.

Litaerfðir: Baldur er arblendinn hvítur, erfir tvílit en ekki mórault.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-45-107-33/2,4/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=86,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						117
Fita						113
Skrokkgæði						115
Frjósemi (77%)						102
Mjólkurlagni (76%)						106
Heildareinkunn						108



KERRUR OG VARAHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI



Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

20-876 GIMLI

frá Hesti, Borgarfirði.



20-876

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Herðar aðeins háar en holdfylltar. Bolurinn sívalur. Bakhold frábær. Breiðar, holdfylltar malir og góð lærahold. Breiðvaxinn, vörpulegur og frísklegur hrútur. Fótleggur 121 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Gulur í hnacka og nokkuð um gul hár aftan til í reyfi. Ullarstuttur í baki. Togið gróft og slétt. Pelið fremur þykkt. Ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Gimli 20-876 fékk talsvert mikla notkun á sínu fyrsta ári á sæðingastöð. Skráðir hafa verið dómar á 126 sonum hans. Þeir eru í góðu meðallagi í þroska og þykkt bakvöðvans talsvert yfir meðaltali sona hyrndu stöðvahrútanna. Stigun er yfir meðaltali fyrir alla skrokkluta og ullin eini þátturinn sem stigast undir meðaltali. Sláturlömb undan Gimla eru í vænni kantinum meðal afkvæma hyrndu stöðvahrútanna en fita er einna minnst á þessum hópi. Um 67% hópsins féllu í gerðarflokkana E og U, þar af 13% í E.

Mjög takmörkuð reynsla er komin á Gimla sem ærföður. Hann átti sex veturgamlar dætur á Hesti í vor; fimm voru einlembdar og ein geld. Gimli sameinar mjög vel góða gerð og litla fitusöfnun. Kostir hans njóta sín betur þar sem vænleiki lamba er yfir meðallagi.

Litaerfðir: Gimli er arfblendinn hvítur; erfir líklega ekki mórauðan lit – gefur hreinhvít og tvílitt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2020-55-111-38/3,1/5,0-8,0-9,0-9,0-10,0-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=87,5 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							115
Fita							117
Skrokkgæði							116
Frjósemi (68%)							98
Mjólurlagni (60%)							98
Heildareinkunn							104

20-877 GRETTIR

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.



20-877

Lýsing: Mórauður, fínhyrndur með vanin horn. Hausinn friður og herðarnar breiðar og holdgrónar. Bolurinn sívalur. Frábær bakhold. Malir kúptar og holdfylltar. Lærvöðvi afbragðsþykkur, kúptur og lokar klofi vel. Holdahnykill. Fótleggur 116 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Ljós mór auður; talsvert um ljós hár í reyfi. Reyfið togmikið og togið langt. Pelið fremur lítið.

Reynsla: Grettir 20-877 er að hefja sitt annað ár á sæðingastöðvunum en hann var valinn á stöð á grunni afkvæmarannsóknar heima á Ytri-Skógum haustið 2021.

Grettir fékk gríðarmikla notkun þennan fyrsta vetur og var næstmest notaður af sæðingastöðvahrútnum. Hann átti þriðja stærsta lambhrútahópin (211) sem komið var með í dóm og annan stærsta gimbrahópin (325). Lambhrútarnir undan Gretti voru með þykkan bakvöðva (32 mm) og stiguðust um og yfir meðaltali fyrir alla aðra eiginleika. Af 211 lambhrútnum voru 41 með 87 heildarstig eða meira og sá stigahæsti með 90 heildarstig. Lömb undan Gretti flokkast vel í sláturhúsi, í haust fóru 67,2% í gerðarflokka E og U. Í fituflokk 2 flokkuðust 49,1%.

Veturgamlar dætur Grettis á heimabúi eru 11 talsins og voru ágætlega frjósamar í vor; eignuðust 1,46 lömb að meðaltali. Lömb undan þeim eru ágætlega væn en afurðauppgjör liggur ekki fyrir.

Grettir hefur haldið sínu í BLUP-kynbótamati fyrir frjósemi og mjólurlagni, heldur lækkað fyrir gerð og hækkað fyrir fitu.

Grettir fer gríðarvel af stað sem lambafaðir; gefur góðan þunga, vel gerð og fitulit lömb. Hann lofar góðu sem ærfaðir.

Litaerfðir: Grettir er mór auður; gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það, hefur erfðavisi fyrir tvílitt og þar með hreinhvitu.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ)

Mál og stigun: 2020-47-105-35/2,5/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-8,5-18,0-8,0-8,0-8,0=85,5 stig.

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							117
Fita							109
Skrokkgæði							113
Frjósemi (73%)							109
Mjólurlagni (63%)							102
Heildareinkunn							108

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							117
Fita							109
Skrokkgæði							113
Frjósemi (73%)							109
Mjólurlagni (63%)							102
Heildareinkunn							108

NÝR

20-890

HNAUS

frá Mýrum 2, Hnútafirði.



MFF: Danni 12-923, MMFF: Grábotni 06-833, MMMF: Drífandi 11-895



20-890

Lýsing: Hvítur, fremur krapphyrndur. Langvaxinn og sterklegur hrútur með mjög öflugan afturpart. Myndarlegur og fasmikill, hrjúfur í lund. Fótleggur 121 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hvítur og ullin laus við gular illhætur nema rétt í kringum dindilinn. Togið fremur stutt en þelið ágætlega þykkt, einkum framan til. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Hnaus 20-890 frá Mýrum 2 var einn af þeim hrútum sem valinn var fyrir sæðingastöðvarnar á grunni afkvæmarannsóknar fyrir úrvalshrúta í Miðfjarðarhólfi. Hnaus kom inn í afkvæmarannsóknina með glæsilegan vitnisburð frá heimabúi en veturgamall stóð hann efstur í samanburði 25 hrúta heima á Mýrum. Þá var einnig horft til þess að hann er arfblandinn fyrir næmri arfgerð m.t.t. riðuveiki og mun því helmingur afkvæma hans erfa þá arfgerð frá honum.

Í samkeppni við nokkra af álitlegustu hrútum héraðsins í afkvæmarannsókninni á Bergstöðum raðaðist Hnaus annar að heildarstigum. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan honum var 19,9 kg, einkunn fyrir gerð 12,3 og einkunn fyrir fitu 6,5. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 19,8 kg, einkunn fyrir gerð 12,0 og einkunn fyrir fitu 7,0. Afkvæmahópurinn undan Hnausi var jafn og öflugur.

Vel er spáð fyrir Hnaus sem ærföður en lítil reynsla liggur þar að baki. Sex dætur hans báru í vor og var frjósemi þeirra að jafnaði góð.

Móðir Hnauss, 16-926 er frábær afurðæx. Hún var tvílembd sem gemlingur, hefur þrisvar verið þrílembd en annars tvílembd. Hún hefur 8,6 afurðastig og einkunnina 12,6 fyrir gerð sláturlamba.

Litaerfðir: Undan Hnausi hafa aðeins komið fram tvö lömb sem ekki eru hvít, en þau voru grábotnótt. Samkvæmt því er Hnaus arfblandinn hvítur en dreifð notkun mun skýra þetta betur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arfblandinn (AHQ//ARQ).

Mál og stigun: 2020-51-107-43/2,3/4,5-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,0 stig.


EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						121
Fita						108
Skrokkgæði						114
Frjósemi (69%)						108
Mjólklurni (63%)						113
Heildareinkunn						112

NÝR

20-891

JADUR

frá Múlakoti, Lundarreykjadal.



MMMF: Mímir 04-951



20-891

Lýsing: Hvítur, svipfriður og finhyrndur með gott hornalag. Fremur langvaxinn og fallgur á velli. Rólegur og mesta gæðablöð í umgengni. Fótleggur 121 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hvítur en gulur á haus og í hnacka. Gul hár finnst í reyfi en ekki áberandi. Togið fremur stutt og strítt og þelið í þynnra lagi. Fremur ullarlítill.

Reynsla: Jaður 20-891 var annar tveggja hrúta sem valdir voru fyrir sæðingastöðvarnar í kjölfar afkvæmarannsóknar á Hesti. Jaður kemur úr fremur lítilli en öflugri hjörð þar sem fallþungi og holdfylling eru almennt mjög góð. Haustið 2021 átti hann 36 sláturlömb heima í Múlakoti sem hlutu 12,6 í einkunn fyrir gerð og 7,8 fyrir fitu við 20,2 kg fallþunga. Með þessar glæsistöður í farteskinu var Jaður fenginn til prófunar í samanburði við frændur sína á Hesti, en í Jaðri rennur talsvert „Hestblöð“. Þar beið hans hörð samkeppni, í stærri hjörð við aðstæður sem bjóða upp á minni vænleika.

Í afkvæmarannsókninni mældust synir Jaðurs með þykkasta bakvöðvann. Hann átti einn vænsta sláturlambahópinn, skilaði gerð nokkru umfram meðaltal í rannsókninni en átti jafnframt feitasta hópinn. Meðalfallþungi tvílembingshrúta undan Jaðri var 16,7 kg, einkunn fyrir gerð 9,3 og einkunn fyrir fitu 5,4. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 15,6 kg, einkunn fyrir gerð 8,99 og einkunn fyrir fitu 4,8. Þá átti Jaður nokkur glæsileg hrútsefni víðar en á Hesti í haust þar sem nágrannar höfðu laumast í hrútinn áður en hann fór í rannsóknina.

Líkt og kynbótamat Jaðurs gefur til kynna er hann líklegur til að skila kostum föður síns áfram sem lambafaðir en gæti orðið talsverður föðurbetrungur hvað mæðraeiginleika snertir.

Móðir Jaðurs, 18-170, var tvílembd gemlingsárið og næstu tvö ár en í vor var hún einlembd.

Hún er með 9,4 afurðastig.

Litaerfðir: Jaður er arfhreinn hvítur.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2020-63-110-42/5,1/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-18,5-7,5-8,0-8,5=87,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						119
Fita						105
Skrokkgæði						112
Frjósemi (65%)						106
Mjólklurni (61%)						105
Heildareinkunn						108

NÝR

21-896

PÓR

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.



21-896

Lýsing: Hvítur, finhyrndur með stuttan og svipmikinn haus. Afar sívalur og bringubreiður með einstaklega vel holdfylltar malir og feykileg lærahold. Samanrekin og frísklegur holdaköggull. Fótleggur 115 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Svartdröfnöttur á haus og eyrum. Ljósulur í hnakka og gul hár finnast á mölum. Togið fremur gróft og slétt en þelið þykkt. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Þór 21-896 var falaður fyrir sæðingastöðvarnar að aflokinni afkvæmarannsókn Ytri-Skógabúsins. Afkvæmi Þórs voru með heldur þynnri bakvöðva en mældist í öðrum afkvæmahópum en lömbin skárust hins vegar mjög vel. Stóð Þór næstur á eftir Sævari 21-897 fyrir gerð sláturlamba og kom út með þriðju hæstu heildareinkunn. Við val á Þór var horft til þess að hann ber stökkbreytinguna C_{151} á priongeninu sem talið er að veiti þol gegn riðuveiki. Að öllum líkindum hefur hann erfð þennan breytileika frá Mávi 15-990 sem er móðurföðurfaðir hans. Þór er arfblendinn fyrir C_{151} og mun því helmingur afkvæma hans erfa þennan þátt frá honum.

Í afkvæmarannsókninni var meðalfallþungi afkvæma Þórs 17,6 kg, einkunn fyrir gerð 11,2 og einkunn fyrir fitu 6,2. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 17,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,5 og einkunn fyrir fitu 6,6.

Þór er líklegur til að skila frjósömum dætrum en báðir foreldrar hans búa yfir mjög góðri frjósemi.

Dýfa 19-335, móðir Þórs, er ung að árum en fer ákaflega vel af stað sem afurðæær. Hún hefur verið tvílembd þessi þrjú ár sem eru að baki og hefur 6,5 afurðastig og vel litur út með afurðir haustsins.

Litaerfðir: Þór er arfhreinn hvítur – erfir hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Áhugaverð arfgerð - er til rannsóknar ($AC_{151}RQ//ARQ$).

Mál og stigun: 2021-52-103-32/3, 1/4,0-8,0-9,0-9,0-9,0-19,0-7,5-8,0-8,5=87,0 stig.


EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						120
Fita						106
Skrokkgæði						113
Frjósemi (62%)						109
Mjólklragni (62%)						104
Heildareinkunn						109

NÝR

22-900

TRAUSTI

frá Sveinsstöðum, Þingi.



22-900

Lýsing: Hvítur, myndur, svipfríður með gott hornalag. Í meðallagi bollangur, prýðilega gerður en ekki þroskamikill.

Ullarlýsing: Sterkgulur í hnakka og á fótum og gul hár útbreidd um allt reyfið. Togið fremur stutt en þelið nokkuð þykkt. Bakull örlítið í styttra lagi. Ullarmagn í meðallagi.

Reynsla: Trausti 22-900 kom í hóp sæðingastöðvahrúta haustið 2022. Hann er einn af þeim hrútum stöðvanna sem hafa þann aðaltilgang að kynbæta sauðfjárstofninn með þolnum arfgerðum gegn riðuveiki.

Stökkbreytingin T_{137} á priongeninu hefur trúlega verið til í sauðfjárstofninum mjög lengi, ef ekki alla tíð. Hún fannst fyrir rúmlega 20 árum þegar fyrst var gerð rannsókn á arfgerðum priongensins hér á landi. Hins vegar er tíðni arfgerðarinnar lág í stofninum í dag. Vakti það því athygli þegar hún loks fannst aftur en það var einmitt á Sveinsstöðum sem fyrstu gripirnir fundust, allt ær. Ákveðið var að sæða „ T_{137} -ærnar“ með sæði úr hrútum sem bæru lítið næmu arfgerðina og lögðu sæðingastöðvarnar til sæðið í það verkefni. Úr þessari þörun kom Trausti sem er arfblendinn fyrir $AT_{137}RQ$ og AHQ -genasamsætunum. Öll afkvæmi Trausta munu því erfa frá honum annaðhvort $AT_{137}RQ$ eða AHQ .

Trausti er sjálfur ekki þroskamikill en að upplagi ágætlega gert lamb. Hann á kyn til að geta gefið bæði prýðisgerð og mjólklragni en faðir hans, Dalur 17-870 stendur vel í þeim þáttum.

Móðir Trausta, Trú 17-122, er ákaflega frjósöm en hún býr yfir þokugeni. Hún var þrílembd veturgömul og síðan hefur hún tvisvar verið þrílembd og einu sinni tvílembd. Í vor var hún síðan fjórlembd. Trausti er því fæddur fjórlembingur. Hins vegar liggur fyrir að Trausti ber ekki þokugeni og mun því ekki dreifa því til afkvæma sinna. Trú hefur ekki reynst mjólklragni en hún hefur 2,3 afurðastig.

Litaerfðir: Trausti á engin afkvæmi enn. Dalur 17-870 faðir hans er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Áhugaverð arfgerð - er til rannsóknar ($AHQ//AT_{137}RQ$).

Mál og stigun: 2022-42-104-27/2, 7/4,0-8,0-8,0-8,5-8,5-8,0-17,5-7,5-8,0-8,0=82,0 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						110
Fita						96
Skrokkgæði						103
Frjósemi						110
Mjólklragni						99
Heildareinkunn						104




Besta bankaappið

Samkvæmt Maskínu 2022

17-853

ÞOKKI

frá Lundi, Völlum.



Lýsing: Hvítur kollóttur með sveran og fríðan haus. Breiður um herðar og útlögumikill. Bakið breitt og holdgróið. Malir langar og breiðar. Lærahold frábær. Reffilegur hrútur; bæði langur og breiðvaxinn. Fótleggur 121 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hvítur; aðeins svartdröfnóttur á haus og eyrum. Hvorki svört né gul hár fundust í reyfi. Togið hrokkið og meðalgróft, þelið þykkt. Fremur ullarmikill.

Reynsla: Þokki 17-853 er að hefja sinn þriðja vetur í þjónustu stöðvanna. Hann fékk litla notkun síðastliðinn vetur og skráðir dómar á sonum hans eru aðeins 26. Þeir staðfesta vel fyrri reynslu af afkvæmum Þokka. Þetta eru einstaklega þroskamiklir; yfirleitt ullargóðir hrútar en mælingar og stigun liggja á eða rétt neðan við meðaltal afkvæma kollóttu hrúttanna. Sláturlömb undan Þokka voru næstþingsti sláturlambahópurinn undan kollóttu stöðvahrúttunum. Um 70% þeirra flokkuðust í holdfyllingarflokkana E og U, þar af 14% í E.

Þokki hækkaði aðeins í mati á frjósemi dætra þegar fyrstu upplýsingar um dætur tilkomnar við sæðingu lágu fyrir. Hins vegar hækkar mat hans fyrir mjólkurlagni dætra og hefur enginn hrútur á stöðvunum í ár hærra mat fyrir þann eiginleika nema Hvíslí 16-868. Samkvæmt afurðauppjöri haustið 2021 höfðu 19 dætur hans 5,97 afurðastig að jafnaði. Meira öryggi fæst á þetta mat þegar haustuppgjör 2022 liggur fyrir út frá upplýsingum um mun stærri dætrahóp. Allt bendir þó til að Þokki skili mjög mjólkurlögnum ám og er hann því allrar athygli verður.

Litaerfðir: Þokki er arblendinn hvítur; gefur tvítt og hreinhvitt en ekki mórautt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2017-63-106-31/3,7/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,0-9,0-8,0-9,0=88,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2021	2022
Fjöldi	84	26
Þungi	51,1	51,1
Fótleggur	109,5	108,7
Læri	17,8	17,8
Ull	8,2	8,1
Ómvöðvi	30,4	30,8
Ómfita	3,7	3,3
Lögun	4,1	4,3

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							109
Fita							102
Skrokkgæði							105
Frjósemi (94%)							96
Mjólkurlagni (85%)							120
Heildareinkunn							107

18-854

SVÖRÐUR

frá Hesti, Borgarfirði.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með þröttlegan haus. Hálsinn stuttur og sver. Herðar breiðar og útlögur miklar. Bakið breitt og sterkt. Malir breiðar og lærahold góð. Bollangur glæsigripur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmagn í meðallagi. Togið langt og fremur gróft en þelið frekar þunnt.

Reynsla: Svörður 18-854 er nú að hefja sinn þriðja vetur í þjónustu stöðvanna. Hann fékk allgóða notkun síðastliðinn vetur og eru 98 synir hans komnir með skráða dóma. Þeir voru með þyngrri sonahópunum undan kollóttu stöðvahrúttunum þetta haustið, langvaxnir og að jafnaði mjög ullargóðir: Ómmælingar og stigun að öðru leyti, liggur um eða á meðaltali. Sláturlömbin undan Sverði eru með vænni hópunum en fitulítil miðað við fallþunga. Um 55% þeirra flokkast í gerðarflokkana E og U, þar af 10% í E.

Mat á frjósemi dætra lækkar talsvert nú þegar fyrstu upplýsingar um frjósemi dætra hans, tilkomnar við sæðingar, liggja fyrir. Matið á mjólkurlagni dætra er sterkt en öryggi matsins eykst verulega þegar haustuppgjör 2022 liggur fyrir. Allt bendir til að Svörður reynist farsæll ærfaðir þó hann verði vart föðurbetrungrur í þeim efnum.

Litaerfðir: Svörður er arblendinn hvítur; gefur mórautt, tvítt og hreinhvitt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Áhugaverð arfgerð - er til rannsóknar (AN₁₃₈RQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-54-111-31/2,7/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,0-8,5-8,0-9,0=86,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2021	2022
Fjöldi	52	98
Þungi	50,5	50,3
Fótleggur	109,4	111,8
Læri	17,8	17,9
Ull	8,2	8,4
Ómvöðvi	30,5	31,1
Ómfita	3,2	3,0
Lögun	4,0	4,2

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							104
Fita							113
Skrokkgæði							108
Frjósemi (92%)							104
Mjólkurlagni (84%)							115
Heildareinkunn							109

Það borgar sig að spá í spilin!

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er leiðandi í ráðgjöf og miðlun þekkingar í landbúnaði. Starfsemi okkar nær til alls landsins og starfsstöðvar okkar eru 12 talsins. Meðal þess sem við veitum ráðgjöf í er:

- Búfjárrækt
- Búrekstur
- Bútækni
- Fóðrun
- Garðyrkja
- Heyverkun
- Jarðrækt
- Landnýting
- Umhverfis- og loftslagsmál

RML hefur umsjón með kynbótastarfi búgreinanna og þróun og þjónustu við skýrsluhaldsforrit. Hluti ræktunarstarfsins felst í því að dæma búfé. Við sjáum um:

- Kúaskoðanir
- Lambadóma
- Hrossadóma

Af hverju að leita ráða hjá RML ?

- Þegar taka þarf stórar ákvarðanir í búreksstrinum
- Ef það eru tækifæri til að auka og bæta gæði afurðanna
- Ef bæta má fóðrun og heilsufar búfjár
- Þegar skoða á möguleika á ræktun og landnýtingu
- Áttu jarðnæði og vilt fá hugmyndir varðandi nýtingu ?
- Langar þig að hefja búskap eða breyta um búskaparform ?
- Viltu bæta reksturinn eða byggja nýtt ?
- RML veitir opinberum aðilum ráðgjöf varðandi landnýtingu, loftslagsmál og fleira tengt landbúnaði

Helstu forrit sem RML vinnur með og aðstoðar bændur í eru:

- Dk búbót – bókhald
- Fjárvis – skýrsluhald í sauðfjárrækt
- Huppa – skýrsluhald í nautgriparrækt
- Heiðrún- skýrsluhald í geitfjárrækt
- WorldFengur- skýrsluhald í hrossarækt
- Jörð – landupplýsingar og skýrsluhald í jarðrækt



18-855 TÓN

frá Melum I, Árneshreppi.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með stuttan og þróttlegan haus. Holdgróinn um herðar og útlögumikill. Bakið breitt og holdfyllt. Mala- og lærahold mjög öflug. Jafnvaxinn og bollangur glæsihrútur. Fótleggur 117 mm í október 2020.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið langt og hrokkið. Ullarmikill með glansandi og fallega ull.

Reynsla: Tón 18-855 er að hefja þriðja veturinn í þjónustu stöðvanna. Hann hefur verið meðal eftirsóttustu kollanna bæði árin. Nú er búið að skrá dóma á 111 sonum hans. Þeir skara ekki fram úr í vænleika en koma sterkir út úr ómælingum. Þeir eru yfirleitt jafnvaxnir og stigast vel. Margir þeirri eru einnig með vel hvíta og fallega ull. Tón stendur sterkur þegar kemur að gerðarmati sláturlamba. Um 73% þeirra flokkuðust í E og U, þar af 16% í E.

Matið á frjósemi byggir að mestu á veturgömlum ám undan honum vilt um land og þar lækkar hann aðeins milli ára. Matið á mjólkurlagni dætra byggir enn á reynslu af þeim á heimaslóðum en mikið af nýjum upplýsingum um dætur hans mun koma inn í haustuppgjörinu 2022. Tón er öflugur lambafaðir, skilar ullargæðum til afkvæma sinna og reynist líklega í meðallagi sem ærfaðir.

Litaerfðir: Tón er arfblendinn hvítur, gefur mórault, tvílit og hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Áhugaverð arfgerð - er til rannsóknar (AN₁₃₈RQ//ARQ).

Mál og stigun: 2018-49-110-32/4,1/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=88,0 stig.

Lambhrútaskoðun	2021	2022
Fjöldi	125	111
Pungi	49,5	47,4
Fótleggur	109,0	109,0
Læri	18,0	17,9
Ull	8,4	8,4
Ómvöðvi	31,3	31,6
Ómfita	3,5	3,3
Lögun	4,3	4,4

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð		█				117
Fita		█				98
Skrokkgæði		█				107
Frjósemi (96%)		█				98
Mjólkurlagni (85%)		█				99
Heildareinkunn		█				101



**ÞÚ FINNUR HRÚTASKRÁNA
LÍKA Á RML.IS, BSSL.IS
OG BUVEST.IS!**

18-863 JÖTUNN

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus. Herðar breiðar og mjög holdfylltar; útlögur miklar. Bakið breitt, sterkt og holdfyllt. Malir breiðar; kúptar og mjög holdfylltar. Lærvöðvi er ákaflega kúptur og þykkur. Jötunn er afar bollangur, vörpulegur og mikill gripur. Fótleggur 125 mm í október 2021.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmikill. Togið fremur fínt. Þelið þykkt og ullin með góðan gljáa.

Reynsla: Jötunn 18-863 fékk dræmar viðtökur hjá bændum á sínu fyrsta ári á sæðingastöð. Aðeins er búið að skrá dóma á 26 lambhrúta undan honum en sá hópur er stórglæsilegur. Synir hans eru þyngstir af sonum stöðvahrútanna þetta haustið ásamt sonum Þokka 17-853. Þykkt bakvöðvans er örlítið undir meðaltali. Synir Jötuns stigast hins vegar gríðarlega vel og á enginn stöðvahrútur hærra stigaða syni að jafnaði þetta haustið. Þeir virðast vera bæði jafnvaxnir og mjög langvaxnir með gríðarlega öflugan afturpart. Margir þeirra eru jafnframt mjög ullargóðir. Athyglivert er að þrátt fyrir þennan mikla þroska er legglengd Jötunssona undir meðaltali afkvæma kollóttu hrútanna. Tæplega hundrað sláturlömb undan Jötni eru þyngsti sláturlambahópurinn undan öllum stöðvahrútunum. Um 70% sláturlambanna undan Jötni flokkast í E og U fyrir gerð, þar af um 14% í E. Þetta er jafnframt sá hópur sem metinn er feitastur þó ekki sé hægt að segja að lömbin séu feit miðað við fallþunga.

Jötunn sýnir alls ekki sambærilega yfirburði þegar kemur að mati á dætrum. Þær eru að vísu ekki margar enn sem komið er og kann þessi mynd að breytast eitthvað til batnaðar þegar stærri dætrahópur kemur til sögunnar. Jötunn er greinilega mjög öflugur lambafaðir sem full ástæða er til að veita meiri athygli en gert hefur verið. Það gæti verið skynsamlegt að nota hann á bæði frjósamur og mjólkurlagnar ær til styrkja afurðaeiginleika afkomendanna. Loks má benda á að afkvæmi hans erfa frá honum lítið næma arfgerð gagnvart riðuveiki.

Lítaerföir: Jötunn er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Lítið næm arfgerð, arfblendinn (AHQ//ARQ).

Mál og stígun: 2018-61-111-35/3,5/4,5-8,0-9,5-9,0-9,5-9,0-18,5-9,0-8,0-9,0=89,5 stig.

Lambhrútaskoðun	2022
Fjöldi	26
Þungi	51,1
Fótleggur	108,8
Læri	18,1
Ull	8,5
Ömvöðvi	30,8
Ömfita	3,4
Lögun	4,1

	EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð							113
Fita							98
Skrokkgæði							108
Frjósemi (83%)							90
Mjólkurlagni (81%)							95
Heildareinkunn							97



TIL SÖLU

FJÁR-, KÚA- OG HESTAKLIPPUR

KAMBAR OG HNÍFAR

BRÝNSLUVÉLAR




STILLI HANDFÖNG Á BARKAKLIPPUM BRÝNI KAMBA OG HNÍFA

Guðmundur Hallgrímsson
Túngötu 16 - Hvanneyri - 311 Borgarnes
Sími: 860-7305
guðmundur@vesturland.is

NÝR

19-887 GLÆSIR

frá Litlu-Ávík, Árneshreppi.



19-887

Lýsing: Hvítur kollóttur. Hausinn stuttur og sver. Feykilega breiðvaxinn og útlögumikill. Mala- og lærahold einstök. Langvaxinn og aðsópsmikill glæsigripur. Fótleggur 122 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hreinhvítur með mjög góða ull. Togið fint og fremur stutt. Pelið þykkt. Ullin mjúk með góðan gljáa.

Reynsla: Glæsir 19-887 var tekinn í hóp sæðingastöðvahrúta haustið 2022. Glæsir var einstakt lamb að gerð. Hann fékk strax mikla reynslu þar sem hann var á fyrsta vetri notaður bæði í Litlu-Ávík og á Melum. Útkoman var frábær og næstu ár var hann áfram mikið notaður á báðum bæjum. Síðastiðinn vetur var afkvæmarannsókn vegna sæðingastöðvanna haldin á Melum. Meirihluti hrútanna í þeim samanburði var synir eða sonarsynir Glæsis. Ekki var útkoma Glæsis eins afgerandi í haust og síðustu tvö ár en hann var þó með hæstu einkunn út úr lambhrútaskoðuninni og stóð annar að lokinni gimbraskoðuninni. Þá átti hann fleiri „ofurhátt“ stigaða hrúta en aðrir, en þrír synir hans stiguðust með 89,5 stig eða meira. Í afkvæmarannsókninni var meðalfallþungi afkvæma hans 22,1 kg, einkunn fyrir gerð 11,8 og einkunn fyrir fitu 7,1. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 21,6 kg, einkunn fyrir gerð 12,3 og einkunn fyrir fitu 7,3.

Glæsir fer vel af stað sem ærfaðir. Samkvæmt afurðauppgjöri haustið 2021 átti hann 13 dætur á Melum sem höfðu að jafnaði 5,63 afurðastig en 4 dætur í Litlu-Ávík með 4,9 afurðastig. Frjósemi dætranna á báðum búum var góð í vor. Sérstaklega stóðu veturgömlu ærnar á Melum sig vel en þar voru 12 dætur Glæsis með 1,5 lamb að jafnaði en búsméðaltalið var 1,39.

Móðir Glæsis, Akra 16-029, var alla tíð tvílembd, einnig sem gemlingur en hún bar í síðasta sinn í vor. Hún er með 6,5 afurðastig.

Litaerföir: Glæsir er arfhreinn hvítur – erfir hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ).

Mál og stigun: 2019-51-110-27/4,6/4,0-8,0-9,0-9,0-8,5-9,0-19,5-8,5-8,0-9,0=88,5 stig.

EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						120
Fita						108
Skrokkgæði						114
Frjósemi (90%)						106
Mjólklagni (88%)						107
Heildareinkunn						109

NÝR

20-893 KALLI

frá Valþúfu, Fellsströnd.



20-893

Lýsing: Hvítur, kollóttur. Jafnvaxinn og gerðarlegur hrútur með kúptan og vel lagaðan lærvöðva. Lagleg kind. Fótleggur 119 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Togið fremur stutt en fint og liðað. Pelið fremur þunnt og ullarmagn í tæpu meðallagi.

Reynsla: Kalli 20-893 var tekinn í hrúta hóp sæðingastöðvanna haustið 2022 eftir að hafa verið prófaður í afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta sem fram fór á Kollsá við Hrótafjörð. Kalli er í báðar ættir frá Gautsdal í Reykhólahreppi en foreldrar hans eru kaupakindur þaðan.

Kalli sýndi góð tilþrif sem lambaæðir á Valþúfu en sláturlambahópurinn undan honum var áberandi bráðþroska og vænn haustið 2021. Í afkvæmarannsókninni kom þessi mikli vaxtarhraði ekki eins skýrt fram en engu að síður komu afkvæmin vel út fyrir alla þætti og í hans hópi voru heldur fleiri álitleg hrútsefni en hjá keppinautum hans. Meðalfallþungi tvílembingshrútanna undan Kalla var 18 kg, einkunn fyrir gerð 10,2 og einkunn fyrir fitu 6,5. Meðalfallþungi í afkvæmarannsókninni var 18,0 kg, einkunn fyrir gerð 10,0 og einkunn fyrir fitu 6,5.

Dætur Kalla sýndu góða frjósemi í vor en 8 dætur hans voru vel yfir búsméðaltali á Valþúfu. Góð kynbótaspá fyrir frjósemi var eitt af því sem horft var til við valið á Kalla, en því miður hefur frjósemismatið verið akkílesarhæll margra kollóttu sæðingastöðvahrútanna.

Móðir Kalla, 19-123, var einlembd veturgömul en þá átti hún Kalla. Hún var síðan tvílembd síðustu tvö vor. Hún lítur út fyrir að vera góð mjólkuræri og stendur í 5,7 afurðastigum samkvæmt uppgjöri haustið 2021.

Litaerföir: Kalli er arfblendinn hvítur, erfir mórautt, tvílit og hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Hlutlaus arfgerð (ARQ//ARQ)

Mál og stigun: 2020-44-106-30/4,4/4,5-8,0-9,0-9,0-9,0-9,0-18,5-9,0-8,0-8,0=87,5 stig.


EIGINLEIKI	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						107
Fita						105
Skrokkgæði						106
Frjósemi (64%)						106
Mjólklagni (55%)						106
Heildareinkunn						106

NÝR

21-001

GIMSTEINN

frá Pernunesi, Reyðarfirði.



Lýsing: Hvítur, kollóttur. Bolur skemmtilega sívalur og bringan mjög breið. Mikil malahold og lærahold frábær. Þéttvaxinn hrútur og metfé að allri gerð. Örlítið útskeifur á framfótum en réttur í kjúkum. Geðprúður og ljúfur í umgengni. Fótleggur 116 mm í október 2022.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarmikill. Togið jafnt um allt reyfið og í meðallagi fínt. Þelið fremur þykkt. Ullargóður hrútur.

Reynsla: Gimsteinn 21-899 er fyrsti hrúturinn í sögu íslenskrar sauðfjarræktar sem staðfest er að beri hina verndandi genasamsætu gegn riðuveiki, ARR. Hjörðin á Pernunesi er jafnframt sú fyrsta og eina á Íslandi sem vitað er að búi yfir þessari fágætu arfgerð sem inniheldur ARR. Hlutverk þessa hrúts er fyrst og fremst að auka tíðni ARR genasamsættunnar í stofninum. Það má því líta á það sem vænan bónus að upphafspunkturinn í þessari vegferð sé í raun hinn frambærilegasti sæðinga-stöðvahrútur m.t.t. helstu ræktunareiginleika.

Ætterni Gimsteins má skipta í þrennt. Hann er að miklu leyti náskyldur meginlínunum kollótta fjárins. Faðir hans Kubbur 20-004 er frá Melum í Árneshreppi. Í móðurætt koma fyrir kaupahrútar af Ströndum og þá er Katrín 20-071 skyldleikaræktuð út af kaupakindinni Njálu 13-301 frá Kambi. Í annan stað er ættin aðeins krydduð með hyrnum sæðingahrútum og skýrir það m.a. að Gimsteinn getur gefið hnyflótt og sívalhyrnt. Í Gimsteini má m.a. finna „Hestblóð“ þó þunnt sé orðið en MMMMF er höfðinginn Kveikur 05-965. Þá eru þræðir í hans ættum sem væntanlega liggja mjög langt aftur í gömul austfirsk kyn þar sem í þessu sauðfjárveikivarnarhólfi hefur aldrei verið skorið niður allt fé, hvorki vegna riðu- né mæðiveiki. Ætla má að Gimsteinn geti orðið góður lambafaðir líkt og ættir hans og eigið atgervi gefa til kynna en sjálfur er hrúturinn afbragðsvel gerður. Gimsteinn var aðallega notaður á gemlinga s.l. vetur og komu 32 lömb undan honum til slátrunar í haust. Meðalþungi afkvæma hans var 17 kg, meðaleinkunn fyrir gerð var 10,4 og fyrir fitu 7,2 en meðaltal búsin var 16,9 kg, gerðareinkunn 10,1 og fitueinkunn 6,5. Katrín 20-071, móðir Gimsteins er aðeins tvævetur. Hún átti Gimstein veturgömul og í vor var hún tvilembd. Í haust skilaði hún tveim hörkugóðum ásetningaslömbum, hrút og gimbur, sem bæði eru arblendin fyrir ARR.

Litaerfðir: Gimsteinn er arfhreinn hvítur – erfir hreinhvít.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu: Verndandi arfgerð, arblendinn (ARR//ARQ).

Mál og stigun: Lambsdómur ekki til.

	90	100	110	120	130	EINK.
Gerð						115
Fitu						86
Skrokkgæði						100
Frjósemi (52%)						102
Mjólurlagni (51%)						105
Heildareinkunn						102

STAMPAR

FYRIR ÞITT SAUÐFÉ!



LIFELINE - Hrútar

Fóður- og bætiefnastampur fyrir lambhrúta og aðra fullorðna hrúta. Ríkulegur af hágæða próteini og orku til að uppfylla þarfir fyrir frjósama, harðgerða og öflugra hrúta.

Óerfðabreytt.



LIFELINE - Lömb og ær

LIFELINE - Lömb og ær steinefnastampurinn er einstakur að sinni gerð þar sem samsetningu hans er ætlað að tryggja sem best heilbrigði ófæddra lamba og lambánna um leið.

Óerfðabreytt.



Sauðfjærstampur

Alhliða sauðfjærstampur – sérframleitt fyrir íslenskt sauðfé. Hentar fyrir fé á öllum aldri, allan ársins hring. Uppfyllir steinefna/snefilefna/vítamín þarfir gripanna. Hagstætt hlutfall af kalsíum, magnesíum og fosfór.

* **FRÍ HEIMSENDING** á pöntunum yfir 30.000 kr. í vefverslun www.fodur.is

* Gildir í pósnúmer 101-371 og 800-881

FORYSTU
HRÚTUR

20-895

FRAKKI

frá Holti, Pistilfirði.



Umsögn fyrri eigenda, Hildar Stefánsdóttur, Holti: Frakki er móarnhöfðóttur, sokkóttur og hyrndur forystuhrútur. Hann er afar rólegur í umgengni, gæfur og mjög spekingslegur á svip. Hann lítur alltaf upp þegar kallað er á hann og því auðvelt að stýra honum í rekstri eða húsi.

Hann er frekar vænn af forystuhrút að vera með fallega yfirlínu og beina fætur. Ullin er þétt og þelmikil, svolítið grásprengr og afar eftirsótt af þrjónakonum. Hornin eru passlega gleið og hann gætir þess ávallt að reka þau ekki í mann svo ekkert mál er að gripa í hann og teyma með sér; já eða fá gott knús. Mikið hefur verið um gesti og börn í kringum hann og leyfir hann öllum að klappa sér og sleikir þá sem honum líkar best við.

Móðir Frakka er Aþena frá Holti og er nú 10 vetra gömul í fullu fjöri. Hún var einlembd sem gemlingur, hefur orðið tvisvar þrilembd og einu sinni einlembd, annars tvílembd. Hún er ættuð frá Ytra-Álandi og Fjallalækjarseli og er með góða forystueiginleika, einnig mjög gæf.

Litaerfðir:

Undan Frakka geta komið allir litir leyfi móðurætt það.

PrP arfgerð v/ næmi fyrir riðu:

Hlutlaus arfgerð(ARQ//ARQ).

Fallnir hrútar 2021-2022 - Ástæður

15-818 Baukur	Felldur - fullnotaður
15-850 Vöttur	Felldur - fullnotaður
15-867 Lómi	Felldur - (fóðureitrun)
16-817 Ljúfur	Felldur - fullnotaður
16-825 Glámur	Felldur - fullnotaður
16-826 Heimaklettur	Felldur - heilsufarsástæður
16-828 Mjöllnir	Felldur - fullnotaður
16-829 Stapi	Drapst
16-838 Garpur	Felldur - fullnotaður
16-839 Kappi	Drapst
16-851 Klettur	Felldur - fullnotaður
16-860 Kjartan	Felldur - heilsufarsástæður
16-869 Kapall	Drapst
17-821 Fálki	Felldur - fullnotaður
17-831 Amor	Felldur - fullnotaður
17-844 Viðar	Felldur - erfðagalli (bógreppa)
17-862 Selur	Felldur - ónýtt sæði
17-871 Sokkur	Drapst - barkabólga
18-835 Völlur	Drapst
18-846 Snar	Felldur - fullnotaður (lítil eftirspurn)
19-858 Lurkur	Drapst - barkabólga
19-859 Melkollur	Felldur - fullnotaður
19-866 Strandagaldur	Drapst
20-879 Steðji	Drapst



AFKVÆMARANNSÓKNIR VEGNA SÆDINGASTÖÐVANNA 2022

Eypór Einarsson, RML

Hér verður gefið yfirlit yfir þær afkvæmarannsóknir sem voru framkvæmdar framleiðsluárið 2022, með það að markmiði að velja með sem öruggustum hætti úrvalslambafeður fyrir sæðingastöðvarnar.

Þakkir eru færðar þeim sem tóku að sér að framkvæma afkvæmarannsóknirnar. Þá eru einnig sérstakar þakkir til þeirra sem lánuðu hrúta til prófunar.

HESTUR, BORGARFIRÐI

Að Hesti var einn aðkomuhrútur fenginn til prófunar á móti lambhrútum búans haustið 2021. Það var hrúturinn Jaður 20-891 frá Múlakoti. Alls voru samanburðarhóparnir 12. Að vanda byggir rannsóknin á tvílembingshrútum. Eyjólfur Kristinn Örnólfsson annaðist stigun og ómmælingu en slátrun fór fram á Blönduósi 23. september. Tveir hrútar voru valdir fyrir sæðingastöðvarnar þegar uppgjör lá fyrir, þeir Jaður og Strokkur 21-898 frá Hesti.

KOLLSÁ, HRÚTAFIRÐI

Þetta árið voru kollóttir hrútar prófaðir á tveim stöðum. Í Dalahólfi var afkvæmarannsókn haldin á Kollsa við Hrutafjörð. Prófunarhrútar sem öttu kappi við 11 heimahrúta voru Prins 20-374 frá Laxárdal, Kalli 20-893 frá Valþúfu og Kústur 19-889. Kústur var fenginn að láni frá Hornsstöðum í Dölum en er kaupahrútur frá Miðdalsgröf. Eypór Einarsson og Hallfríður Ósk Ólafsdóttir stiguðu og ómmældu lömb 13. september. Lömbum var lógað á Sauðárkróki og upplýsingar nýttar úr slátrunum frá 16. og 23. september. Hrútar sem fengnir voru á sæðingastöð úr þessari afkvæmarannsókn voru þeir Kústur og Kalli.

MELAR, ÁRNESHREPPI

Afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í Vestfjarðahólfi eystra var nú haldin á Melum í Árneshreppi. Tveir aðkomuhrútar voru í uppgjöri ásamt sjö heimahrútum. Aðkomuhrútarnir voru þeir Ari 20-114 frá Heydalsá 1 og Glæsir 19-887 frá Litlu-Ávík. Dómar fóru fram 26. september og slátrun strax í kjölfarið en lömbum var lógað á Blönduósi. Um stigun lamba sá Eypór Einarsson en mælingamaður var Guðjón Sigurgeirsson. Glæsir kom á sæðingastöð í framhaldi af rannsókninni.

BERGSSTAÐIR, MIÐIRÐI

Öflug afkvæmarannsókn var haldin á Bergsstöðum, en hún skilaði þrem hrútum fyrir sæðingastöðvarnar. Hér voru fjórir aðkomuhrútar sem voru í samburði við 5 heimahrúta. Aðkomuhrútarnir voru þeir Baldur 19-886 frá Urriðaá, Fróði 18-880 frá Bjargi, Hnaus 20-890 frá Mýrum 2 og Keli 20-661 frá Efri-Fitjum. Skoðun lamba fór fram 14. og 22. september. Sláturgögn miðuðust við lömb sem lógað var í september. Slátrun fór fram á Hvammstanga. Dómari var Eypór Einarsson en um ómmælingar sá Hallfríður Ósk Ólafsdóttir. Niðurstaðan var að fá þá Baldur, Fróða og Hnaus til liðs við hrútaflota sæðingastöðvanna.

BORGARFELL, SKAFTÁRTUNGU

Að Borgarfelli voru tveir hrútar fengnir til prófunar. Það voru þeir Askur 19-884 frá Kirkjubæjar-klaustri 2 og Tjörvi 20-490 frá Herjólfstöðum. Hér voru alls í samanburði 9 hrútar. Dómar fóru fram 22. september en dómari var Fanney Ólöf Lárusdóttir og mælingamaður Pállina Pálsdóttir. Aðalslátrun var á Selfossi 13. október. Niðurstaðan var að fala þá Ask og heimahrútinn Anga 18-882 fyrir sæðingastöðvarnar.

YTRI-SKÓGAR, EYJAFJÖLLUM

Að vanda voru lambhrútar Ytri-Skógabúsins afkvæmaprófaðir á skipulegan hátt. Með í samanburðinum var hrúturinn Farsæll 21-690 frá Raufarfelli og voru hrútarnir því 8 í heildina. Niðurstöður byggjast hér eingöngu á hrútlömbum sem eru gengnir tvílembingar, þ.e.a.s. sem hafa gengið undir með öðru lambi. Fanney Ólöf Lárusdóttir dæmdi lömbin en um mælingar sá Pétur Halldórsson og skoðun fór fram 28. september. Slátrun var í kjölfarið eða 30. september á Selfossi. Tveir hrútar voru valdir fyrir sæðingastöðvarnar, þeir Sævar 21-897 og Þór 21-896.

Kjötmat afkvæma sæðingastöðvahrúta haustið 2022

Númer og nafn	Fjöldi	Fallþungi	Gerð	Fita	Hlutfall í E	Hlutfall í U	Hlutfall í 2
Hyrndir hrútar:							
15-867 Lómi	342	17,6	9,39	6,21	5,0%	37,4%	59,6%
16-824 Breki	122	18,0	10,11	6,52	9,8%	50,8%	51,6%
16-825 Glámur	117	18,8	10,82	6,59	23,1%	48,7%	47,9%
16-826 Heimaklettur	6	19,7	11,50	7,67	16,7%	83,3%	16,7%
16-828 Mjölur	332	18,3	10,43	6,08	15,4%	51,8%	59,3%
16-829 Stapi	180	17,7	9,72	6,45	5,6%	47,2%	52,8%
16-838 Garpur	83	17,6	9,88	6,02	19,3%	34,9%	55,4%
16-839 Kappi	234	18,0	10,38	7,01	14,5%	51,7%	38,5%
16-841 Sammi	246	17,5	10,09	6,39	9,3%	51,6%	55,7%
16-868 Hvíslí	200	18,1	9,55	6,27	5,5%	41,5%	57,0%
16-869 Kapall	622	18,1	10,34	6,73	14,1%	52,7%	42,8%
17-831 Amor	206	18,7	11,00	6,79	21,4%	58,3%	43,2%
17-842 Börkur	271	17,5	10,85	6,62	22,1%	50,9%	43,5%
17-843 Satúrnus	49	17,2	9,78	6,39	14,3%	32,7%	61,2%
17-844 Viðar	1.639	19,2	11,48	6,91	32,8%	50,6%	41,3%
17-870 Dalur	388	17,4	10,24	6,66	12,1%	52,6%	45,4%
17-871 Sokkur	286	17,7	10,03	6,33	8,4%	52,1%	55,9%
17-872 Suddi	293	17,8	10,57	6,71	17,4%	51,9%	48,1%
17-873 Svartur	308	18,0	10,14	6,53	10,7%	50,6%	48,1%
18-834 Rammi	369	17,6	10,41	6,49	14,6%	52,6%	52,0%
18-835 Völlur	392	17,7	10,27	6,66	13,0%	49,7%	47,4%
18-846 Snar	23	15,9	9,57	6,09	8,7%	39,1%	65,2%
19-848 Glitnir	465	18,4	10,40	6,42	15,3%	50,3%	54,2%
19-849 Kostur	378	17,2	10,50	6,57	16,7%	50,5%	50,0%
19-874 Hnokki	679	17,5	11,03	6,99	27,1%	47,7%	38,1%
20-875 Galli	555	17,4	10,84	6,72	19,8%	55,9%	45,4%
20-876 Gimli	409	18,2	10,38	6,29	13,2%	53,3%	58,2%
20-877 Grettir	668	18,2	10,39	6,58	13,6%	53,6%	49,1%
20-878 Kurdo	329	18,2	10,26	7,02	11,6%	53,8%	35,0%
20-879 Steðji	252	18,8	11,08	6,65	25,4%	52,4%	47,6%
Kollóttir hrútar:							
15-818 Baukur	23	19,1	9,83	7,09	8,7%	43,5%	34,8%
15-850 Vöttur	55	19,2	10,02	7,11	9,1%	49,1%	34,5%
16-851 Klettur	93	18,3	10,42	6,74	10,8%	59,1%	41,9%
17-821 Fálki	125	19,2	11,48	6,98	38,4%	40,0%	35,2%
17-852 Bikar	265	19,4	10,49	6,89	15,8%	52,1%	38,5%
17-853 Þokki	98	19,5	10,54	7,40	14,3%	56,1%	27,6%
18-854 Svörður	262	19,1	9,92	6,65	10,3%	44,3%	46,6%
18-855 Tónn	363	18,9	10,63	7,17	16,0%	56,7%	32,2%
18-863 Jötunn	95	19,6	10,49	7,47	13,7%	55,8%	26,3%
19-858 Lurkur	170	18,3	10,38	6,32	15,3%	50,0%	54,7%
19-864 Dollí	383	18,7	10,58	7,03	17,2%	53,0%	34,5%
19-865 Hamur	312	18,4	10,52	6,70	17,3%	51,0%	46,2%
19-866 Strandakollur	169	17,9	10,36	6,62	14,2%	51,5%	45,6%
Feldfjárrútar:							
16-817 Ljúfur	18	15,8	7,50	5,94			61,1%
18-859 Melkollur	18	14,2	5,67	5,67			77,8%

*Gögn miðast við stöðu gagnagrunns 27. október 2022

Árangur sæðinga vorið 2022 eftir sæðingastöðvhrútum, ósamstillat ær, ferskt sæði

Hyrndir hrútar, númer og nafn	Ær til uppgjörs	Árangur	Fædd lömb/á
15-867 Lómi	437	71%	1,98
16-824 Breki	157	74%	1,80
16-825 Glámur	202	66%	1,86
16-826 Heimaklettur	11	55%	2,00
16-828 Mjólnir	408	68%	1,91
16-829 Stapi	316	63%	1,74
16-838 Garpur	125	65%	1,91
16-839 Kappi	374	57%	1,84
16-841 Sammi	352	70%	1,82
16-868 Hvísi	291	64%	1,91
16-869 Kapall	923	71%	1,84
17-831 Amor	318	68%	1,85
17-842 Börkur	357	75%	1,96
17-844 Viðar	1.791	68%	1,91
17-870 Dalur	699	60%	1,87
17-871 Sokkur	389	68%	1,89
17-872 Suddi	355	79%	1,88
17-873 Svartur	398	69%	1,96
18-834 Rammi	528	65%	1,89
18-835 Völlur	568	63%	1,89
18-846 Snar	26	78%	1,76
19-848 Glitnir	660	70%	1,88
19-849 Kostur	568	68%	1,86
19-874 Hnokki	946	69%	1,83
20-875 Galli	899	69%	1,77
20-876 Gimli	567	75%	1,90
20-877 Grettir	1.002	67%	1,91
20-878 Kurdo	498	68%	1,77
20-879 Steðji	432	60%	1,77
Kollóttir hrútar, númer og nafn	14.597	68%	1,87
15-818 Baukur	37	53%	1,89
15-850 Vöttur	66	78%	1,79
16-851 Klettur	131	60%	1,77
17-821 Fálki	243	53%	1,68
17-852 Bikar	395	68%	1,73
17-853 Þokki	116	85%	1,84
18-854 Svörður	469	62%	1,79
18-855 Tónn	593	67%	1,80
18-863 Jötunn	164	67%	1,81
19-858 Lurkur	226	70%	1,78
19-864 Dolli	513	72%	1,83
19-865 Hamur	489	65%	1,77
19-866 Strandagaldur	279	71%	1,87
Aðrir hrútar, númer og nafn	3.721	68%	1,79
16-817 Ljúfur	32	62%	1,73
17-843 Satúrnus	75	72%	1,82
17-861 Fjalli	90	63%	2,02
18-859 Melkollur	18	77%	1,78
	215	69%	1,89
Samtals	18.535	68%	1,85
Sauðfjarsæðingastöð Suðurlands	10.363	69%	1,87
Sauðfjarsæðingastöð Vesturlands	8.170	66%	1,83
Samstilltar ær, landið	791	51%	1,81
Samstilltar á öðru gangmáli landið	157	61%	1,84
Fryst sæði allt landið	90	58%	1,57

SAUÐFJÁRSÆÐINGAR OG BEIÐSLI

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili, þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 45 klst.) en egglosið verður 24-30 klst. eftir að beiðsluð byrjar og eggðið er frjótt í allt að 24 klst. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum ána.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnaheittarnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggðið frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 20-24 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni og leitað er þrjár sinnum á sólarhring. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingátíma.

Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfall eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu og stóru sauðfjárbúunum eru engir eða fáir aðrir gripir sem draga athyglina frá fénu og umgengni í fjárhúsum er meiri og tíðar en á blönduðum búum. Þar sem sauðfé er fátt er frístundabúskapur og féð jafnan spök gæluþyr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingar á þessum búum.

SAMSTILLINGAR

SAMSTILLING MEÐ SVÖMPUM

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál ána sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið og frjósemin hefur verið talsvert lakari en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingátími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Það er einnig hægt að leita að blæsma ám, byrja að leita sólarhring eftir að svamparnir eru teknir úr og sæða 16-24 klst. eftir að beiðsluð sést.

SAMSTILLING MEÐ SPRAUTUM

Undanfarin ár hefur ekki verið hægt að fá samstillingarsvampa, þá hefur verið brugðið á það ráð að nota prostaglandín sprautur. Þá er fenginn dýralæknir til þess að sprauta ærnar og þær blæsma næstu daga. Til að samstillingin takist sem best er sprautað tvisvar með 7 til 9 daga millibili. Blæsmin dreifast heldur meira en þegar notaður er svampur. Aðferðin hentar vel ef hleypa á til ána en ef á að sæða er best að byrja að leita að blæsma ám strax daginn eftir seinni sprautuna og sæða 16 til 24 klst. eftir að ærin sést standa undir hrúti.

SAMSTILLING MEÐ HRÚTAÁHRIFUM

Ef ánum er haldið frá fullorðnum hrútum fara þær ekki að ganga fyrir en seint í nóvember. Ef þær eru látnar komast vel í tæri við hrúta upp úr miðjum nóvember er líklegt að þær verði blæsma 19 til 23 dögum seinna 4. til 8. desember miðað við hrúta í 15. nóvember. Ef vitað er hvenær á að sæða er hægt taka ærnar á hús og leiða hrúta í gegnum hjörðina 20 til 21 degi fyrir.

VINNULAGSREGLUR

SÆÐINGAR:

Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, rólegheit. Egglos verður 24-30 klst. eftir upphaf blæsmis.

Dæmi:

Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar, þær á ekki að sæða. Leitað kvöldið áður en á að sæða og valdar ær til að sæða.

SAMSTILLING:

Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 til 60 klst. eftir úrtöku.

Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

SAMSTILLT OG SÆTT Á ÖÐRU GANGMÁLI:

Svampur hafður í 14 daga. Sætt 18, 19 og 20 dögum eftir úrtöku.


Dæmi:

Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv. Svampar teknir úr 27. nóv. Leitað að kvöldi 14. des, 15. og 16. des. Sæðing næsta dag eftir að sést á ánum.

FRYST SÆÐI:

Leita skal þrjár sinnum á sólarhring, t.d. kl. 7 að morgni, aftur kl. 15 og að lokum kl. 23 að kvöldi. Sæða skal þær ær sem eru blæsma 20-24 klst. seinna.

Dæmi um verklag sem má viðhafa við notkun frysts sæðis:



MEDHÖNDLUN SÆÐIS

FERSKT SÆÐI

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsanum. Ekki er þörf á að kæla sæðið meira ef á að nota það innan skamms, en það þarf að kæla sæðið niður í 5 °C ef á að nota það seint að deginum, um kvöldið eða næsta dag. Forðast skal allar hitasveiflur en þær geta drepit sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Mjög mikilvægt er að þurrka stráit vel áður en það er sett í sæðingataekið með hreinum pappír!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.

FRYST SÆÐI

Sæðiskúturrinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga tommustokk, málbandi eða hreinum járntein ofan í botn á kútnum og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki má vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stráunum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í stúti kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

BÍÐING Á SÆÐISSTRÁUM

- Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi.
 - o Minístrá (grönn 0,25 ml strá) skal þíða í 35 °C heitu vatnsbaði í 15 sek.
 - o Mediumstrá (sverari 0,5 ml strá) skal þíða í 50 °C heitu vatnsbaði í 14 sek.
- Mæla þarf hitastig vatnsins reglulega (helst fyrir hverja uppþíðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabréa með mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þítt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.
- Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.
- Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísi er ekki við hendina. Athugið að flestir farsímar eru með skeiðklukku.
- Þurrkið af stráinu með hreinum pappír eftir þíðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.
- Hitið sæðingataekið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráit er sett í.
- Passið að sæðingataekið sé þurr.
- Eftir að stráit hefur verið sett í sæðingataekið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.
- Gætið itrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.
- Athugið að uppþíð strá skal nota strax!

SKRÁNING OG UPPGJÖR SÆÐINGA

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefa mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv.

Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

1. Skráning sæðingadagbóka

Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.

2. Skráning í fjarvis.is

a.

Skráitð ykkur inn á www.fjarvis.is.

b.

Veljið <Skrá sæðingar> í boxinu vinstra megin.

c.

Skráitð kennitölu sæðingamanns, sæð.dags., tímasetningu sæðinga, hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar, tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút. Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

NOKKUR RÁÐ TIL ÞESS AÐ NÁ GÓÐUM ÁRANGRI

Daginn áður en á að sæða er farið í fjárhúsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða daginn eftir.

Seint kvöldið áður en á að sæða er leitað aftur og þær ær sem eru blæsma nú, en voru ekki blæsma um morguninn, eru teknar frá og settar í stú/ spil/krubbu nærri hrútunum. Það ættu að líða 16-24 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Forðist að neinar aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að ragast í fénu.

Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.

Við viljum gjarnan að sæðingar séu skráðar sem fyrst. Góð regla er að skrá þær jafnóðum!

Munið að skrá allar sæðingar, hvort sem ærnar halda eða ganga upp!

ÁHERSLUR Í UPPHAFI LEIÐANGURS – INNLEIÐING VERNDANDI ARFGERÐA

Fyrstu skrefin - áherslur

Til lengri tíma lítið er markmiðið að gera allan stofninn þolinna gegn riðuveiki. Í upphafi þessa leiðangurs er lögð áhersla á að hvetja bændur á svæðum þar sem áhætta er mest gagnvart riðu að innleiða verndandi arfgerðir sem hraðast og útrýma áhættuarfgerðinni hratt og vel. Vissulega getur þetta þýtt eftirgjöf í ræktun fyrir öðrum eiginleikum og auknið skyldleikarækt tímabundið í einstaka hjörðum en til mikils er að vinna ef hægt verður að útrýma riðuveiki sem vandamáli.

Sérstaklega verður mikil áskorun að auka tíðni ARR genasamsættunnar þar sem uppspretta hennar er aðeins ein hjörð. Það er því betra að fara ekki of geyst. Þó tekið verði spretthlaup á ákveðnum svæðum má líta á verkefnið í heild sem langhlaup þar sem allir þurfa að taka þátt.

Hvernig ræktunaráherslurnar verða svo næstu árin mun m.a. byggjast á niðurstöðum þeirra rannsókna sem nú eru í gangi eða að hefjast. Þar ber hæst þrjú verkefni sem styrkt eru af Þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar og RML er í forsvari fyrir:

- Fyrst skal nefna svo kallaða **PMCA-rannsókn** sem nú er í gangi í Frakklandi. Þar er verið að mæla og bera saman næmi allra helstu PrP-arfgerða íslensks sauðfjár fyrir riðusmiti; þetta er lykilatriði varðandi ræktun þolins stofns og niðurstöður eru væntanlegar áður en fengitíminn hefst. Hópurinn sem vinnur að þessu verkefni samanstendur af Karólínu í Hvammshlíð, þeim Stefáníu Þorgeirsdóttir og Vilhjálmi Svanssoni frá Keldum og undirrituðum frá RML.
- Þá er verkefni sem að mestu fer fram við háskólann í Giessen í Þýskalandi og er þar unnið undir handleiðslu Gesine Lühken prófessors. Þar verður m.a. skoðaður skyldleiki ARR- og T137-gripa við stofninn sem heild og könnuð tengsl við erlend sauðfjárvörn.
- Í þriðja lagi er verkefni sem er á dagskrá í vetur og ber heitið „Ræktun gegn riðu – hermírannsóknir“. Þórdís Þórarinsdóttir fer fyrir þessu verkefni en markmiðið er að skoða hversu hratt má fara í innleiðingu verndandi arfgerða í stofninn, m.t.t. skyldleikaræktar, erfðafjölbreytileika, kostnaðar og erfðaframfara í helstu eiginleikum.

ARR- og T137-hrútar standa öllum til boða

Á stöðvunum eru nú 5 hrútar sem annað hvort geta gefið ARR eða breytileikann T137. Vonandi gengur vel að dreifa úr þeim sæði í haust. Allir sem áhuga hafa eru hvattir til þess að nýta sér kosti þessara hrúta.

Nú getur komið upp sú staða, t.d. ef hrútarinn bregðast í sæðistöku, að þeir anni ekki eftirspurn. Verður þá nauðsyn að hafa til hlíðsjónar ákveðna forgangsröðun þó reynt verði að tryggja öllum svæðum eitthvert sæði. Forgangsröðunin byggir m.a. á tilmælum MAST (birtum á heimasíðu MAST 19.08.2022).

Forgangsröð svæða:

1. **Forgangssvæði 1 og 2** samkvæmt skilgreiningu MAST frá því í sumar. Til þess teljast bæir þar sem riða hefur komið upp á undanförunum 7 árum og bæir með faraldsfræðilega tengingu við þá, s.s. sameiginlegan upp- rekstrarrétt eða annan þekkta samgang. Þessir bæir eru í Skagahólfi, Vatneshólfi og Tröllaskagahólfi.
2. **Hrein svæði (Ifflambasölusvæði)**, enda sæðingar eini möguleikinn í þeim hólfum til þess að ná inn verndandi arfgerðum.
3. **Allir bæir á riðusvæðum** (bæir í hólfum sem skilgreind eru sem sýkt varnarhólf).
4. **Önnur bú á landinu.**

Við útdeilingu sé haft í huga:

- Að sæðið úr þessum hrútum nýtist sem best – allir skammtar fari í blæsma kindur.
- Að sem best dreifing fái á sæðið og því sé viðhöfð sú regla, ef framboð er minna en eftirspurn, að hvert bú geti aðeins fengið úthlutad tveim stráum úr hverjum hrút þessa fengitíðina.

Nokkur grunnatriði tengd ræktun þolinnar stofna

Kindur eru misnæmar fyrir því að smita af riðu og byggist það aðallega á því hvaða arfgerð prionpróteinsins þær bera. Þessi vitneskja hefur legið fyrir í nokkra áratugi en bara lítið nýst hér á landi. Fyrir íslenska sauðfjárrækt breyttist síðan heimsmýndin í vetur þegar ARR-arfgerðin fannst og nú er von um að við höfum yfir fleiri verndandi arfgerðum að ráða.

Innan skamms eru væntanlegar fyrstu niðurstöðurnar úr PMCA-rannsókninni sem mun varpa ljósi á virkni mismunandi arfgerða gagnvart riðusmiti í íslenskum kindum. Þar verður næmi arfgerðanna fyrir smiti mælt og borið saman, bæði hvernig þær virka arfhreinar og hvernig mismunandi samsetningar koma út. Sérstaklega munu þær niðurstöður varpa ljósi á breytileikana T137, N138 og C151. **Uppfærð tafla um næmi arfgerðanna mun verða aðgengileg á heimasíðu RML.**

Hér verða hins vegar aðeins rifuð upp nokkur hagnýt atriði sem nýtast í sambandi við þörun gripa og það hvernig erfðum á arfgerðum prionpróteinsins er háttáð.

Þó hér séu að baki einfaldar erfðir, þá eru þessir eiginleikar ekki víkjandi eða ríkjandi líkt og þekktist t.d. í litaerfðum, heldur eru samspilsáhrif sem þarf í raun að rannsaka fyrir hverja arfgerð til þess að geta með vissu sagt til um virkni hennar. Því eru þessar PMCA-rannsóknir nauðsynlegar til að geta fengið sem fyrst mat á það hvernig mismunandi genasamsætur virka saman.

Hver einstaklingur hefur tvö eintök af hverju geni, annað eintakið eða **genasamsættuna** (allele) fær hann frá föður og hitt frá móður. **Arfgerð** einstaklingsins (genotype) ræðst síðan af því hvaða genasamsætur hann fékk frá foreldrum sínum.

Hefðbundin framsetning á arfgerðunum er að gefa upp hvað sé að finna í sætum 136, 154 og 171. Algengasta arfgerðin í sauðfé á Íslandi er villigerðin (wild type) ARQ/ARQ sem mætti einnig setja fram sem $A_{136}R_{154}Q_{171}/A_{136}R_{154}Q_{171}$ og engar stökkbreytingar að finna í henni í þessum þrem sætum. Þessi arfgerð er gjarnan kölluð hlutlaus og veitir því enga vernd fyrir riðusmiti. Breytileikarnir (variants) sem fundist hafa í íslensku sauðfé eru V í sæti 136, H í sæti 154 og R í sæti 171 (bókstafirnir vísa í aminosýrur: V = Valín; H = Histidín; R = Argínín).

Frá því leit hófst að verndandi arfgerðum hefur nánast eingöngu fundist breytileiki í sex sætum priongensins. Í dag miðast greiningar við að skoða þessi sæti, en auk hefðbundnu sætanna þriggja (136, 154 og 171) eru greind sætin 137, 138 og 151. Breytileikarnir sem þar finnast og vonir standa til um að hafi áhrif á næmi fyrir riðusmiti, eru T í sæti 137, N í sæti 138 og C í sæti 151 (bókstafirnir standa fyrir nöfn aminosýranna: T = Þreónín; N = Asparagín; C = Sýstein).





Afar sjaldgæft er að fleiri en einn breytileiki komi frá hvoru foreldri um sig. Í því stóra gagnasafni sem hefur orðið til á síðustu mánuðum eru a.m.k. engin dæmi þess í okkar kindum. Því er ekki við því að búast að gripur sem þýr t.d. bæði yfir T137 og H154, líkt og Trausti 22-900, geti gefið nema annan þessara breytileika frá sér í hvert afkvæmi.

Þá er mikilvægt að hafa í huga að **breytileikarnir hoppa ekki yfir ættliði**. Þannig skiptir það engu máli hvaða arfgerð amman og afinn hafa ef foreldrarnir eru greindir. Þó afinn hafi borið áhættuarfgerð þarf ekki að óttast að fá lömb með hana ef foreldrar lambanna eru sannarlega lausir við áhættuarfgerðina. Annað dæmi, þó hrútur eigi föður sem ber T137 en er sjálfur hlutlaus, þá er alveg ljóst að hann skilar þessum breytileika ekki áfram.

Það getur verið mikill kostur við innleiðingu þolinnar arfgerða að nota arfhreina hrúta. Dæmi um arfhreinan hrút er Fannar 20-894 frá Smáhörmum sem er arfhreinn fyrir lítið næmu arfgerðinni AHQ/AHQ. Þá er ljóst að öll hans afkvæmi fá genasamsættuna AHQ frá honum. Eftir stendur þá spurningin hverju móðirin skilar á móti. Í sumum tilfellum liggur það einnig fyrir. Ef hún er t.d. hlutlaus (ARQ/ARQ) er ljóst að afkvæmi þeirra mun fá arfgerðina AHQ/ARQ. Ef móðirin væri arfblendin fyrir áhættuarfgerð (ARQ/VRQ) gæti lambið allt eins fengið arfgerðina AHQ/VRQ, sem væri ekki gott til framræktunar. Því getur áfram þurft að arfgerðagreina a.m.k. hluta af lömbunum. Í þessu sambandi má benda á hagnýtan möguleika í Fjárvisis, „arfgerðarspá“ sem er að finna undir „yfirlikt“. Þar er t.d. hægt að fá yfirsýn yfir það hvaða lömb eru með 100% spá og þarf því ekki að greina.

Hrútarnir Gimsteinn 21-899, Gullmoli 22-902, Hornsteinn 22-901 og Austri 20-892 eru allir arfblendnir fyrir annaðhvort ARR eða T137. Það þýðir að þeir munu að jafnaði einungis gefa sína eftirsóttu breytileika til helmings afkvæma sinna en hlutlausu genasæmsætuna ARQ til hinna. Mikilvægt er því að fylgja eftir notkun þessara hrúta með markvissum arfgerðargreiningum á lömbunum undan þeim, helst næsta vor, því það er aðeins sá hópur sem ber annaðhvort ARR eða T137 sem æskilegt er að setja á. Ættbogi þessara hrúta mun verða nægilega stór þó ekki séu sett á undan þeim í stórum stíl, lömb sem ekki bera arfgerðirnar.

Þegar valdar eru ær sem á að sæða með sæði úr hrútum sem bera ARR eða T137 getur verið góður kostur að velja á móti þeim hrútum kindur sem bera breytileika sem eru minna næmir. Þetta var t.d. gert á Sveinsstöðum sl. vetur þegar ærin Trú 17-122 var sædd við Dal 17-870 og til varð hrúturinn Trausti 22-900 sem fær AHQ frá föður og T137 frá móður (ber arfgerðina AHQ/AT137RQ). Þegar þessi hrútur er notaður má treysta því að hann gefur alltaf frá sér annaðhvort AHQ eða T137, bara spurning hvora genasæmsætuna lambið hefur fengið. Til að vita hvort lambið fékk AHQ eða T137 verður að greina það.



Á meðfylgjandi myndum eru sýnd dæmi um pörun gripa með mismunandi arfgerðir. Hér verður sýnt hvaða arfgerðir lömb gætu fengið sem kæmu undan hrútunum Gimsteini 21-899 og Trausta 22-900 ef þeir yrðu notaðir á ærnar Gullbrá og Skeifu. Gullbrá ber hlutlausu arfgerðina ARQ/ARQ en Skeifa er arfblendin fyrir lítið næmu arfgerðinni (AHQ/ARQ). Fánalitirnir eru í stíl við það sem notað er í Fjárvis í dag, en „nýju“ breytileikarnir eru enn hafðir gráir. Litamerkingarnar verða síðan uppfærðar í samræmi við þá þekkingu sem rannsóknir munu færa okkur á þessu sviði.

ERFDAGALLINN BÓGKREPPA

Bógkreppa er trúlega annar þeirra tveggja erfðagalla sem hafa mesta útbreiðslu í íslenska sauðfjárstofninum. Hinn er gul fita. Þó hvorugur gallinn geti talist stórt vandamál á landsvísu þá geta þeir valdið talsverðu tjóni í einstaka hjörðum, sérstaklega bógkreppan þar sem lömb sem fæðast með þá bæklu komast yfirleitt ekki á legg. Bógkreppan breiddist út hér á landi í byrjun níunda áratugarins. Erfiðlega hefur gengið að kveða þennan draug niður og reglulega skjóta upp kollinum gripir sem reynast bera gallann. Nýlegt tilfelli er tengt við sæðingastöðvahrúttinn Viðar 17-844. En hvað er bógkreppa? Hvernig erfist hún? Hvað er til ráða? Er von til þess að hægt sé að útrýma bógkreppu?

Viðfangsefni greinarinnar er að reyna svara þessum spurningum og rifja upp nokkur atriði um þennan erfðagalla.

Uppruni bógkreppunnar

Besta heimild um bógkreppu er BS-ritgerð Sigurðar Steinþórssonar frá Hæli í Gnúpverjahreppi frá árinu 1995. Þar er gallanum lýst, leitað að uppruna hans og það staðfest að um erfðagalla sé að ræða. Gallinn virðist hafa breiðst út með sæðingahrúttunum Hyl 75-947 og Stakk 79-975 frá Berghyl í Hrunamannahreppi. Þeir voru sammæðra synir Seinlátrar 72-500 frá Berghyl. Ekki hefur tekist að rekja gallann lengra en til Seinlátrar en leiddar líkur að því að gallinn hafi borist með fjárskiptafé úr Pingeyjarsýslum. Til eru heimildir um svipaðan galla sem m.a. er tengdur fé í Pingeyjarsýslum en einkennin þó ekki nákvæmlega þau sömu og svipar þeim frekar til galla sem nefndur hefur verið „transeyði og snúnir fætur“.

Um erfðir bógkreppu

Bógkreppa er talin erfast með einföldum víkjandi erfðum samkvæmt lög- málum Mendels. Þetta er staðfest bæði í rannsókn Sigurðar Steinþórssonar og síðar af Oddnýju Steinu Valsdóttur. Sigurður byggði sín gögn að mestu leyti á afkomendum Hyls þó einhverjar dætur Stakks komi þar við sögu. Stakkur virtist hins vegar dreifa bógkreppunni mun minna, þrátt fyrir að hann hafi verið mikið notaður og lengur í notkun en Hylur, en skýring á því liggur ekki á laus.

Stökkbreytingin sem gallanum veldur þarf því að koma bæði frá föður og móður til þess að bækluareinkenni komi fram. Því getur gallinn leynst lengi og ferðast kynslóð fram af kynslóð án þess að nokkur grunur sé um að bógkreppa sé í hjörðinni. Það er ekki fyrr en parast saman einstaklingar sem báðir bera stökkbreytinguna að fæðst getur lamb sem er bæklad. Það er þó ekki gefið að gallinn komi fram þó báðir foreldrar séu arfberar gallans (báðir arfblendnir). Þegar tveim arfblendnum foreldrum er parað saman eru:

- 25% líkur á að fæðist lamb sem sýnir einkenni bógkreppu (lambið er þá arfhreint fyrir gallanum).
- 50% líkur á að fæðist lamb sem lítur út fyrir að vera heilbriggt en ber þó erfðavísi fyrir bógkreppu (arfblendið).
- 25% líkur á að fæðist lamb sem er heilbriggt og ber ekki erfðavísi fyrir bógkreppu (lambið arfhreint fyrir heilbrigða erfðavísinum).

Það er því mikilvægt að hafa það í huga að bógkreppa er ekkert vandamál meðan hún er að breiðast út og kemur bara úr „annarri áttinni“. Ef arfberi gallans er mikið notaður hrútur og kostamikill að öðru leyti þá getur erfðavísirinn fyrir bógkreppunni orðið mjög útbreiddur í stofninum þegar vandamálið afhjúpast og verður það því erfitt viðureignar.

Hvað er bógkreppa?

Samkvæmt lýsingu Sigurðar Steinþórssonar eru helstu einkenni bógkreppu þau að leggir framfóta eru óvanalega stuttir og skekkjur eru í liðum framfóta allt frá kjúku að böghnútu. Einkenni bækluarinnar geta verið á misháu stigi. Algengast er að lömbin geta ekki rétt úr framfótum og ganga þá bara á hnjánum og komast ekki á spena. Komist lambið hins vegar á legg verður framfótastaða þess óeðlilega gleið og lambið hjólbeinótt. Sum þessara lamba sýna áberandi mikil mala- og lærahold. Sigurður taldi einnig að arfblendnir einstaklingar sýni meiri vöðvafyllingu en þeir sem ekki bera erfðavísi fyrir bógkreppu. Þessa ályktun byggði hann á samanburði dóma á sonum Hyls sem voru arfberar og þeirra sem ekki voru arfberar. Er því líklegt að arfberar gallans hafi frekar valist til ásetnings.

Á Keldum hafa verið krufin nokkur lömb með bógkreppu ásamt því að hafa verið röntgenmynduð. Afmyndun sést í bóglegg og beinum sperrileggs en miðfótarbein og fótarbein virðast ekki afmynduð. Afmynduðu beinin eru samanrekin og þykkari en eðlileg bein, auk þess að liðfletir eru afmyndaðir svo ekki er unnt að rétta úr olnbogaliðum og framhjálm. Breytingarnar eru mismiklar milli einstaklinga og í verstu tilfellum eru fætur svo snúnir að iljar framklaufa snúa hvor að annarri. Enn er í gangi meinafræðiskodun á þessum lömbum sem felur í sér vefjaskoðun á beinvefnum, en mikilvægt er að lýsa göllum í beinmynduninni svo hægt verði að komast nær því hvaða gen stýrir/ stýra gallanum.

Transeyði og snúnir fætur

Annar erfðagalli er þekktur sem virðist nátengdur bógkreppu en hefur aðeins önnur einkenni. Ástæða er til að nefna þennan galla líka í þessari umfjöllun þar sem sterk tenging virðist vera milli þessara erfðagalla en í umræðunni er oft ekki gerður greinarmunur á þeim og báðir gallarnir skilgreindir sem bógkreppa. Þessi erfðagalli hefur verið nefndur „transeyði og snúnir fætur“. Gallinn lýsir sér meðal annars í því að allir fætur eru verulega snúnir og stundum krepptir. Ennið er svert og efriskoltur óeðlilega stuttur (transeyði). Oft eru lömbin belgmikil.

Munurinn á þessum erfðagöllum er m.a. sá að bógkreppulömbin eru ekki með bitgalla. Þá virðist „transeyði og snúnir fætur“ erfast eftir flóknari lögum. Oddný Steina Valsdóttir rannsakaði útbreiðslu og erfðir gallans og dró þá ályktun að fleiri en einn erfðavísir gæti haft hér áhrif. Sterkar vísbendingar voru um að sæðingahrúturinn Þéttir 91-931 frá Oddgeirshólum væri nátengdur þessari vansköpun en í öllum tilfellum þegar fullnægjandi ætternissupp- lýsingar lágu fyrir var Þétti að finna í ættartíðum vansköpuðu lambanna. Þéttir var sonur Mola 90-300 og dóttursonur Kólfs 86-245 en báðir þessir hrútar voru þekktir arfberar bógkreppu. Aldrei tókst þó að sanna að Þéttir sjálfur gæfi „bógkreppulömb“. Talið er víst að sæðingahrútarinn og feðgarnir Vinur 99-867 frá Vöðmúlastöðum og Kunningi 02-903 frá Ytri-Skógum hafi gefið transeyði og snúna fætur en Kunningi gaf jafnframt bógkreppu. Vinur er nátengdur Þétti en Þéttir var móðurföðurfæðir hans.

Leitin að bógkreppugeninu

Haustið 2017 var sett af stað verkefni með það að markmiði að finna erfðavísinn fyrir bógkreppu. Reynt var að rækta bógkreppulömb með sértækri notkun á hrútnum Læk 13-928 frá Ytri-Skógum en það skilaði litlum árangri og gaf ekki nægan efnivið þannig að hefja mætti erfðarannsóknir. RML, Matís og Keldur tóku síðan saman höndum vorið 2021 í gegnum rannsóknarverkefni þar sem þráðurinn var tekinn upp að nýju. Eitt af markmiðum þessa verkefnis er að staðsetja erfðavísinn sem veldur bógkreppu í erfðamengi sauðfjár til að hægt sé að þróa erfðapróf sem nýta má til að greina gallann í arfblendnum einstaklingum. Slíkt próf er í raun eina raunhæfa leiðin til að uppræta þennan erfðagalla úr sauðfjástofninum. Rannsóknin byggir á talsverðum fjölda sýna sem RML og Keldur hafa safnað í samstarfi við bændur víðs vegar um land. Erfðæfni úr fjölda bógkreppulamba og skyldum gripum var sent til arferðagreininga til AG-Research í Nýja-Sjálandi í byrjun sumars 2022. AG-Research er stór rannsóknastofnun og býr yfir mikilli þekkingu og reynslu á sviði erfðagreininga og búfjárbóta. Sýnin hafa þegar verið greind á svokölluðum genaflögum, en slíkar flögur greina þúsundir erfðamarka og eru mikið notaðar í rannsóknum og kynbótum. Vinnsla úr þeim gögnum stendur nú yfir en fyrstu niðurstöður lofa góðu. Þó er talsvert í land að genagallinn finnst en vísindamenn AG-Research eru bjartsýnir að það takist að lokum.

Viðar frá Bergstöðum og fleiri dularfullir hrútar

Þar sem ekki hefur verið hægt að prófa hrúta fyrir bógkreppu með arferðarprófi þá eru nokkur dæmi þess í gegnum tíðina að stöðvahrútar hafi reynst bógkreppugjafar eða legið undir grun sem slíkir. Má þar nefna nokkra hrúta sem fæddir eru eftir 1990 og auglýst hefur verið á prenti að gefi bógkreppu en það eru Baukur 98-886 frá Borgarfelli, Sólon 01-899 frá Kambi, Kunningi 02-903 frá Ytri-Skógum, Svanur 05-984 frá Kambi, Foss 05-801 frá Smáhörmrum og Robbi11-900 frá Heydalsá. Ekki er víst að þetta sé tæmandi listi og einnig ljóst að fleiri hrúta má telja tortryggilega þó yfir þeim hafi ekki verið felldur dómur. Lækur 13-928 frá Ytri-Skógum var einnig sterklega grunaður en við sérstaka prófun á honum tókst ekki að sannreyna að hann gæfi hefðbundna bógkreppu.

Það var síðan talsvert áfall fyrir sauðfjárræktina í vor þegar grunur féll á hrútinn Viðar 17-844 frá Bergstöðum um að hann gæfi bógkreppu, þar sem Viðar hefur verið mest notaði hrútur stöðvanna síðastliðna tvo vetur. Þessar fréttir komu verulega á óvart þar sem engar upplýsingar bárust af bógkreppu eftir fyrri vetur hans á stöð. Grunurinn byggir á tilkynningu frá þrem búum þar sem alls fæddust 4 vansköpuð lömb. Hræ af þremur þessara lamba voru send að Keldum til skoðunar og einnig var ætterni lambanna staðfest af Matís með foreldraprófi. Þá bárust tilkynningar um að veturgamlir synir Viðars á jafnmörgum búum gæfu bógkreppu. Í mörgum tilfellum var hægt að rekja mæður bógkreppulambanna í þekkta bógkreppugjafa sem komnir eru út af Berghylshrútnum. Ekki liggur fyrir eftir hvaða leiðum bógkreppugenid hefur komið til Viðars og enginn af nákomnum ættingjum hans hefur hingað til legið undir grun, en ættir hans má þó rekja bæði til Hyls 75-947 og Stakks 79-975 frá Berghyl.

Nú er til þó nokkuð af afkvæmum Viðars sem tekin hafa verið til ræktunar. Bændur verða að vera meðvitaðir um það, að ef ekki næst að þróa greiningarpróf, að þá er það hættuspil að framrækta gripi sem geta leyt slíkum galla. Ef Viðar ber erfðavísi fyrir bógkreppu, sem virðist nokkuð öruggt, má gera ráð fyrir að helmingur afkvæma hans beri erfðavísi fyrir gallanum. Best er því að nota Viðarssyni mjög hóflega í vetur eða gefa þeim alveg frí með von um að takist að útbúa erfðapróf fyrir gallanum. Þá er hægt að prófa hrúta með því að hleypa þeim til áa sem til greina kemur að beri gallann. Sé um að ræða veturgamlan hrút mætti nota hann á dætur sínar, systur og/eða ær sem vitad er að hafi gefið bógkreppu. Ef út úr þessu kemur lamb með bógkreppu er dómur fallinn yfir hrútnum. Hins vegar ef ekkert vanskapað lamb fæðist þá er ekki endilega öllum vafa eytt en eftir því sem prófunarhópurinn er stærri aukast að sjálfsögðu líkurnar til þess.



Algengast er að lömbin geta ekki rétt úr framfótum og ganga þá bara á hnjánum og komast ekki á spena

Lokaorð

Bógkreppu ber að útrýma úr stofninum, því hún getur valdið fjárhagslegu tjóni auk þess sem óskemmtilegt er að þurfa að lóga lömbum að vori sem eru of bæklud til að geta þrífist. Erfitt mun þó reynast að ná þessu markmiði nema hægt verði að beita DNA-prófunum. Er það von okkar að sú rannsóknarvinna sem nú er í gangi leiði okkur nær því marki. Áfram er mikilvægt að bændur láti ráðunauta RML vita ef þeir eru að kljást við bógkreppu og sér í lagi ef grunur fellur á sæðingastöðvahrúta.

Helstu heimildir:

Jón Viðar Jónmundsson (2009). *Örfá atriði um víkjandi erfðagalla hjá sauðfé og nautgripum á Íslandi. Bændablaðið, 310 (15), 22.*

Oddný Steina Valsdóttir og Jón Viðar Jónmundsson (2005). *Möguleg tengsl erfðagalla við sæðingahrúta hér á landi. Freyr, 101 (4), 12-13.*

Oddný Steina Valsdóttir (2005). *Fæðingargallar í íslensku sauðfé. BS-ritgerð. Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri. 33 s.*

Sigurður Steinþórsson (1995). *Erfðagalli í íslensku sauðfé. BS-ritgerð, Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri. 30 s.*

UPPGJÖR ÁTAKSVERKEFNISINS OG ÁRANGUR LEITAR AÐ VERNDANDI ARFGERÐUM

Eyþór Einarsson, RML

Átaksverkefni RML í arfgerðargreiningum var hleypt af stokkunum í upphafi árs 2022 og er þetta lang umfangsmesta DNA sýnataka sem fram hefur farið á sauðfé hér á landi. Þó nú sé þessu stóra verkefni senn að ljúka er það einungis eitt þús í stærri mynd eða upphafsstef í þeirri vinnu sem framundan er í baráttunni við útrýmingu riðuveiki. Hér verður gerð grein fyrir stöðunni á átaksverkefninu og gefið yfirlit yfir tíðni mismunandi arfgerða príonpróteinsins miðað við fyrirliggjandi gögn.

Forspilið

Í kjölfar nokkurskonar holskeflu riðuníðurskurða sköpuðust miklar umræður um riðuveiki víða í þjóðfélaginu. Ákall bænda um að skoðaðar yrðu nýjar leiðir og baráttuaðferðir varð háværa. Eitt af því sem þetta umrót skilaði var að ýmsir boltar fóru að rúlla. Skipulögð leit að verndandi arfgerðum hófst með tveim rannsóknarverkefnum sem styrkt voru af Próunarsjóði sauðfjárræktarinnar vorið 2021 og urðu svo að samstarfsverkefni, enda grunnmarkmiðin þau sömu. Að þessum verkefnum stóðu Stefánía Þorgeirsdóttir og Vilhjálmur Svansson, Keldum, Karólína í Hvammshlíð og undirritaður f.h. RML. Í kjölfarið á þessum verkefnum stóð RML síðan fyrir átaksverkefni í arfgerðargreiningum. Markmiðin með því verkefni voru að efla og útvíkka leitina að verndandi arfgerðum og hvetja bændur af stað í því að kortleggja hjarðir sínar m.t.t. arfgerða príonpróteinsins.

Frábær þátttaka í átaksverkefninu

Átaksverkefnið fékk ákaflega góðar viðtökur en um 500 bú/sauðfjäreigendur skiluðu inn sýnum í gegnum verkefnið. Aðeins fleiri bú pöntuðu sýnatökuefni en ekki skiluðu öll sýnahylki sér til baka. Þá var í 2,3% tilfella ekki hægt að greina sýnin sem var yfirleitt vegna þess að hylkin voru tóm eða of lítið DNA í þeim. Lokaniðurstæða var að í gegnum átaksverkefnið fengust greiningar á 23.205 gripum.

Sýnin voru greind í hjá Agrobiogen í Þýskalandi sem hafði þróað staðalaðferð til að greina sætin sex sem skipta máli í íslensku sauðfé: 136, 137, 138, 151, 154 og 171. Í verkefninu fólst nokkur áskorun í því að halda utan um öll sýni, koma þeim á áfangastaði til greiningar og niðurstöðum aftur til bænda. Margar hendur komu að þessu verki, bæði starfsmenn RML og sjálfbóðaliðar. Gríðarleg bylting varð þegar hægt var að koma niðurstöðum inn í Fjárvís og halda utan um þær þar.

Það erfðaeftni sem safnað hefur verið í gegnum þessi verkefni verður svo flutt aftur heim til Íslands og er fyrsta sendingin komin aftur til Keldna til varðveislu. Gefur þetta sýnasafn möguleika á frekari rannsóknum og þegar er ein slík farin í gang sem fer fram við háskóla í Giessen í Þýskalandi á komandi mánuðum.

Hverju hefur leitin skilað?

Ef slegið er saman þeim gögnum sem hafa safnast í gegnum átaksverkefnið, rannsóknarverkefnið ásamt tengdum verkefnum, þá lágu fyrir í byrjun september 2022 niðurstöður fyrir 27.160 gripi. Samkvæmt búfjárskýrslum var ásett sauðfé í landinu haustið 2021 rétt um 382 þúsund kindur. Sýnafjöldinn nær því að dekkja um 7,1 % af stofninum og um þriðjung sauðfjárþú. Tekin voru sýni úr kindum í öllum sauðfjárveikivarnarhólfum nema í Grímseyjarhólfi. Hlutfallsleg sýnataka miðað við áður gefnar forsendur var frá 2% til 17% en það var í Tröllaskagahólfi sem hlutfallið var hæst og jafnframt flest sýni tekin (4.899). Leitni ætti því að gefa ágæta mynd af tíðni mismunandi arfgerða, en jafnframt er ljóst að fágætar arfgerðir geta enn leynst einhversstaðar.

Sú leit sem nú er í gangi miðar að því að skoða breytileika í þeim 6 sætum á príongeninu þar sem breytileika er að finna í íslensku sauðfé samkvæmt fyrirliggjandi þekkingu. Niðurstöðurnar gefa til kynna að langalgengast sé að kindur beri villigerðina, þ.e.a.s. að enga breytileika sé að finna í príongeni þeirra. Ef eingöngu er horft til klassísku sætanna þriggja 136, 154 og 171 þá eru um 78% kinda sem hafa enga breytileika í þeim sætum og bera arfgerðina ARQ/ARQ. Þessi arfgerð hefur fram til þessa verið skilgreind sem hlutlaus m.t.t. næmi fyrir riðu. Hluti af þessum kindum býr þó yfir breytileika í hinum þrem sætum sem nú eru til rannsókna. Hlutfall „hlutlausra“ kinda lækkar því í 67% ef horft er til allra sætanna 6. Svo virðist vera að hlutlausar kindur séu berskjaldaðar fyrir riðusmiti og því mun markmiðið á næstu árum vera að minnka þetta hlutfall verulega, sérstaklega í riðuhólfunum.

Lítið næma genasamsætan AHQ, sem var hér áður kölluð verndandi, er býsna útbreidd en hana bera ríflega 14% fjáris, langalgengast er að þá sé arfgerðin á arfblandnu formi AHQ/ARQ. Breytileikinn N138 er einnig mjög útbreiddur í stofninum og finnst hér í 11,5% kinda enda hafa tiltölulega margir sæðingahrútar búið yfir og dreift þeim breytileika í gegnum tíðina. Breytileikinn C151, sem vonir eru bundnar við að efla þol gegn riðusmiti er fátíður í stofninum. Þessi breytileiki hefur þó a.m.k. dreift með sæðingahrútnum Húni 92-809, Bolla 06-821, Þoku-Hreini 13-937 og Mávi 15-990. Í töflu 1 er að finna yfirlit yfir tíðni mismunandi genasamsætna príonpróteinsins byggt á gögnum um fullorðna gripi.

Tafla 1. Yfirlit yfir tíðni mismunandi arfgerða príonpróteinsins í íslenska sauðfjárstofninum.

Genasamsæta (breytileikinn sem hefur áhrif í sviga)	Hlutfall kinda sem bera genasamsætuna	Fjöldi arfblandinn	Fjöldi arfhreinn
VRQ - (V í sæti 136)	7,8%	2.059	65
AT137RQ - (T í sæti 137)	0,3%	82	1
AN138RQ - (N í sæti 138)	11,5%	2.935	192
AC151RQ - (C í sæti 151)	1,2%	320	2
AHQ - (H í sæti 154)	14,3%	3.594	285
ARR - (R í sæti 171)	0,07%	14	0



Hluti af ARR lambhrútahópnum í Þernunesi haustið 2022

Hinar verndandi og mögulega verndandi arfgerðir

Mesta spennan hefur fylgt því að reyna að finna meira af arfgerðum sem bera ARR þar sem það er alþjóðlega viðurkennt að ARR hafi verndandi áhrif. Þar til í vetur var talið að ARR væri ekki til í íslensku sauðfé. Það var því ótrúleg hundaheppni að detta ofan á þessa ARR gripa í vetur á Þernunesi við Reyðarfjörð, en búið þar var valið í úrtak upphaflegu leitarinnar. Staðan er sú að enn finnst þessi breytileiki ekki nema á þessum eina bæ. Þar er búið að fara markvisst í gegnum hjörðina. Öll lömb sem fæddust í vor undan ARR-gripunum hafa einnig verið greind. Líkt og fram kemur í töflu 2 hafa í heildina fundist 55 gripir með ARR, þar af 14 fullorðnir og eru þeir allir arfblendnir fyrir arfgerðinni.

Að lokum

Að lokum fær Þróunarsjóði sauðfjárræktarinnar þakkir fyrir að fjármagna átaksverkefnið í arfgerðargreiningum en Fagrað í sauðfjárrækt hefur ötullega hvatt til þess að verkefni tengd ríðurannsóknum séu unnin. Bændum eru jafnframt færðar þakkir fyrir frábærar viðtökur og samstarf. Þá fá Karólína og hópur sjálfbodaðila sérstakt hrós fyrir veitta aðstoð við flutning sýna. Flestir starfsmenn RML hafa með einum eða öðrum hætti lagt hér hönd á plóg og hefur þessi viðtæka samstaða um verkefnið verið hreint mögnuð.

Tafla 2. Yfirlit yfir skiptingu „ARR gripa“ eftir aldri og kyni.

Bær	Hrútar	Ær	Hrútlömb	Gimbrar	alls
Þernunes	1	13	19	22	55

Miklar vonir eru bundnar við breytileikann T137, sem sýnt hefur verið fram á að veiti kindum á Ítalíu fulla vernd gegn ríðuveiki. Vitað var að T137 væri til staðar í íslenska stofninum þar sem þessi breytileiki hafði fundist í rannsókn Keldna rétt fyrir aldamótin. Í dag virðist þessi breytileiki mjög fágætur en hann hefur þó fundist í kindum í þremur varnarhólfum. Alls voru greindir 83 gripir með T137 í 8 hjörðum í gegnum verkefni (sjá töflu 3). Í sýnatökum í haust (eftir 1. september) bættust síðan við 20 kindur með T137 þegar haldið var áfram að taka sýni úr ættingjum þeirra sem þegar var búið að finna með þennan breytileika. Heildarföldi T137 gripa sem vitað er um þegar þessi orð eru rituð eru því 103 gripir. Ein kind fannst sl. vor arfhrein fyrir AT137RQ/AT137RQ arfgerðinni sem er gimbur undan Austru 20-623 á Stóru-Hámundarstöðum. Langflestar T137-kindurnar eru hvítar og hyrndar. Kollóttar kindur eru þó til með arfgerðina bæði í Straumi og í Engihlíð. Ferhyrndar kindur eru á Straumi og síðan eru til fulltrúar allra grunnlita sem bera T137 breytileikann. Tveir fullorðnir hrútar fundust með T137, annar þeirra er frá Reykjum í Hjaltadal og hinn er Austri 20-892 frá Stóru-Hámundarstöðum en um hann má fræðast hér í skránni.

Tafla 3. Skipting kinda sem bera breytileikann T137 eftir bæjum, aldri og kyni.

Bær	Sauðfjárveikivarnarhólf	Hrútar	Ær	Hrútlömb	Gimbrar	Alls
Engihlíð	Tröllaskagahólf		9	1	3	13
Litli-Árskógur	Tröllaskagahólf		1			1
Möðruvellir 2	Tröllaskagahólf		1			1
Stóru-Hámundarstaðir	Tröllaskagahólf	1	7	12	12	32
Reykir	Tröllaskagahólf	1	3			4
Straumur	Héraðshólf		3	1	1	5
Sveinsstaðir	Húnahólf		6	4	4	14
Syðri-Hagi	Tröllaskagahólf		9	1	3	13
Alls		2	39	19	23	83

GÆÐI - ALLA LEIÐ!

Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRUNA



Fjölskyldurnar á Brúnastöðum eru hluti þeirra 900 bænda sem eiga SS. Af ást og alúð sinna þau bústörfunum í sátt við náttúruna. Með fyrsta flokks aðbúnaði tryggja þau að kjötið frá SS skilar sér í gæðum alla leið á diskinn þinn.

Íslenska sveitin og SS - fyrir þig

